

# ÁRSSKÝRSLA ALÞINGIS

STÖRF 127. LÖGGJAFARÞINGS 2001–2002  
OG 128. LÖGGJAFARÞINGS 2002–2003  
REKSTUR ÁRIÐ 2002



## Efnisyfirlit

---

Inngangur	5
<hr/>	
127. löggjafarþing	
<hr/>	
Forsætisnefnd	7
<hr/>	
Þingstörfin	8
<hr/>	
Þingmál .....	8
Þingfundir .....	9
Þingnefndir .....	10
Þingflokksfundir .....	13
<hr/>	
Þingmenn og þingflokkar á 127. þingi	14
<hr/>	
Erlend samskipti	15
<hr/>	
Alþjóðastarf á vegum forseta Alþingis .....	15
Alþjóðanefndir .....	18
<hr/>	
Útgáfa þingmála og efnis þingfunda	20
<hr/>	
128. löggjafarþing	
<hr/>	
Forsætisnefnd	21
<hr/>	
Þingstörfin	22
<hr/>	
Þingmál .....	22
Þingfundir .....	23
Þingnefndir .....	23
Þingflokksfundir .....	27
<hr/>	
Þingmenn og þingflokkar á 128. þingi	28
<hr/>	
Erlend samskipti	29
<hr/>	
Alþjóðastarf á vegum forseta Alþingis .....	29
Alþjóðanefndir .....	31
<hr/>	
Útgáfa þingmála og efnis þingfunda	32
<hr/>	
Upplýsinga- og tæknimál 2002	33
<hr/>	
Skrifstofa Alþingis 2002	35
<hr/>	
Yfirstjórn skrifstofu Alþingis .....	35
Skipulag skrifstofunnar .....	35
Starfsfólk .....	36

Húseignir Alþingis 2002	39
Sérstök verkefni 2002	40
Stofnanir Alþingis 2002	41
Umboðsmaður Alþingis .....	41
Ríkisendurskoðun .....	41
Jónshús í Kaupmannahöfn .....	41
Rekstur Alþingis 2002	43
Rekstrargjöld .....	44
Staðfesting forseta Alþingis og skrifstofu .....	45
Áritun endurskoðenda .....	45
Rekstrarreikningur 2002.....	46
Efnahagsreikningur 2002.....	47
Skýringar með ársreikningi 2002 .....	48



*Friðrik Ólafsson, skrifstofustjóri Alþingis.*

Ársskýrslan er að þessu sinni frábrugðin hinum fyrri að því leyti að nú er í einni og sömu skýrslunni fjallað um tvö löggjafarþing í senn í stað eins áður. Greint er frá störfum Alþingis á 127. löggjafarþingi (2001–2002) og 128. löggjafarþingi (2002–2003) auk þess sem birt er yfirlit um rekstur þingsins fjárhagsárið 2002. Fyrirhugað er að ársskýrslan komi framvegis út 1. október ár hvert. Næsta ársskýrsla mun því koma út 1. október 2004 og í henni verður greint frá störfum Alþingis á 129. löggjafarþingi (sumarþing 2003) og 130. löggjafarþingi (1. október 2003 til 30. september 2004).

Þinghaldið á 127. löggjafarþingi stóð að venju fram í maí. Lauk hefðbundnum þingstörfum 3. maí 2002 en nokkrar af fastanefndum þingsins komu saman til funda um sumarið. Á 128. löggjafarþingi lauk þinghaldi hins vegar með fyrra fallinu eins og jafnan þegar alþingiskosningar fara fram að vori svo sem verið hefur undanfarna áratugi.

Undir lok 128. þings varð sú breyting á skipan þingsins að Vilhjálmur Egilsson, 1. þingmaður Norðurlands vestra, afsalaði sér þingmennsku. Við sæti hans tók Adolf H. Berndsen.

Þegar fólk leiðir hugann að störfum alþingismanna koma fundirnir í þingsal efalaust fyrst upp í hugann en það sjónarhorn veitir að sjálfsögðu takmarkaða innsýn í störf þeirra. Þau eru miklu fjölbreyttari og aðeins að hluta til bundin við störf innan þingsins, í þingsal, þingnefndum og á þingflokksfundum. Það gefur augaleið að þingmenn

þurfa að verja verulegum tíma til ýmissa starfa og verkefna annars staðar. Þannig eru t.d. samskipti við kjósendur og ýmis hagsmuna- og félagasamtök veigamikill þáttur í starfi alþingismanna. Þá eykst þátttaka alþingismanna í alþjóðlegu samstarfi jafnt og þétt eins og glögglega kemur fram í þessari ársskýrslu. Alþingi á nú aðild að nýu alþjóðlegum þingmannasamtökum. Innan Alþingis starfa jafnmargar alþjóðanefndir sem sinna samskiptum við þessi þingmannasamtök.

Föstudaginn 27. september 2002 tók Alþingi í notkun nýtt húsnæði, svonefndan Skála, sem er þjónustubygging vestan Alþingishússins. Með tilkomu Skálans fékkst langþráð úrbót í húsnæðismálum Alþingis. Það virðist samdóma álit manna að vel hafi til tekist, Skálinn falli vel að umhverfi sínu og Alþingishúsinu sem skipar háan sess í hugum Íslendinga. Skálinn er fyrsta nýbyggingin sem Alþingi reisir síðan Kringlan var byggð við suðurhluta Alþingishússins 1908. Bygging Skálans er mikilvægur áfangi á þeirri braut sem mörkuð hefur verið, að húsnæði Alþingis verði að mestu leyti á svokölluðum Alþingisreit sem markast af Kirkjustræti, Templarasundi, Vonarstræti og Tjarnargötu (að undanskildu Oddfellow-húsinu), en reiturinn er í eigu Alþingis.

Það er von mín að þessi ársskýrsla megi gagnast öllum þeim sem vilja fræðast um störf Alþingis og rekstur þess.



## 127. LÖGGJAFARÞING

### Forsætisnefnd

Á þingsetningarfundum mánudaginn 1. október 2001 var Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e., endurkjörinn forseti Alþingis með 42 atkvæðum, 19 þingmenn greiddu ekki atkvæði. Á fundi sama dag voru endurkjörnir varaforsetar án atkvæðagreiðslu Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn., Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl., Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl., og Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e. Skipuðu þeir forsætisnefnd ásamt forseta Alþingis. Fundi forsætisnefndar sitja jafnan Friðrik Ólafsson skrifstofustjóri, Helgi Bernóðusson aðstoðarskrifstofustjóri, Karl M. Kristjánsson, rekstrar- og fjármálastjóri, og Þorsteinn Magnússon, forstöðumaður almennrar skrifstofu, sem er ritari forsætisnefndar. Líkt og á fyrri þingum voru fastir fundir forsætisnefndar á þingtíma haldnir á mánudagsmorgnum. Á 127. löggjafarþingi 2001–2002 voru haldnir 28 fundir í forsætisnefnd.

Verkefni forsætisnefndar eru samkvæmt þingsköpum einkum að skipuleggja þinghaldið, gera starfsáætlun þingsins og ganga frá vikuáætlunum um þingfundi hverju sinni, hafa umsjón með alþjóðasamstarfi sem Alþingi tekur þátt í, gera fjárhagsáætlanir fyrir þingið og stofnanir þess og setja almennar reglur um rekstur þingsins og stjórnslu. Nefndin fjallar enn fremur um málefni þeirra stofnana sem undir Alþingi heyra, þ.e. umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar, svo og Jónshúss í Kaupmannahöfn.

Þau mál, sem tóku mestan tíma á fundum nefndarinnar á 127. löggjafarþingi, voru húsnæðismál þingsins, einkum framkvæmdir við byggingu þjónustuskála vestan Alþingishússins og kostnaðaruppgjör og frágangur við gerð húsnæðis fyrir fastanefndir og þingmenn í Austurstræti 8–10A, fjármál þingsins, þ.e. fjárveitingar til reksturs þess, og ýmis erindi frá þingmönnum og fastanefndum þingsins, m.a. varðandi þátttöku í alþjóðlegum þingmannafundum.

Í framhaldi af föstum fundum forsætisnefndar á forseti fund með formönnum þingflokka þar sem



*Forsætisnefnd og skrifstofustjóri Alþingis: Halldór Blöndal forseti, Guðjón Guðmundsson, 2. varaforseti, Árni Steinar Jóhannsson, 4. varaforseti, Friðrik Ólafsson skrifstofustjóri, Ísólfur Gylfi Pálmason, 3. varaforseti, og Guðmundur Árni Stefánsson, 1. varaforseti.*

farið er yfir drög að áætlunum um þingfundi vikunnar auk þess sem rædd eru ýmis önnur atriði er varða skipulag þingstarfa, þar á meðal umræður utan dagskrár.

## Þingstörfin

Forseti Íslands setti 127. löggjafarþing skv. 35. gr. stjórnarskrárinnar mánudaginn 1. október 2001. Þingið var að störfum frá 1. október til 14. desember 2001 og frá 22. janúar til 3. maí 2002 en var þá frestað til septemberloka. Þingfundir voru alls 138 á 96 þingfundardögum. Lengsti þingfundurinn stóð í u.þ.b. 18 klst. Síðasta heila vikan í október var kjördæmavika og lágu þingfundir þá niðri svo að þingmönnum gæfist tækifæri til fundarhalda í kjördæmum. Alls voru 14 starfsdagar eingöngu helgaðir nefndastarfi fyrir utan reglubundna nefndarfundi yfir þingtímann.

### *Þingmál*



Frumvörp voru alls 215 og þar af voru 119 samþykkt sem lög. Tillögur til þingsályktunar voru 131 og voru 39 samþykktar sem ályktanir Alþingis. Fyrirspurnir voru 366 og var 338 svarað. Óundirbúnar fyrirspurnir voru 44. Skýrslur voru 28, beiðnir um skýrslu voru þrjár og bárust tvær skýrslur. Munnlegar skýrslur ráðherra voru fjórar og aðrar munnlegar skýrslur tvær. Umræður um störf þingsins í upphafi þingfundar fóru fram á 47 fundum.

Umræður utan dagskrár voru 36. Sjónarandstöðuþingmenn hófu allar nema eina.



*Páll Pétursson, félagsmálaráðherra og starfsaldursforseti Alþingis, stjórnar upphafi þingsetningarfundar 127. löggjafarþings.*






### Þingfundir

Á 127. þingi var heildarfundartími 618 klst. Hann skiptist á eftirfarandi hátt: Ræður um frumvörp: 388 klst., ræður um þingsályktunartillögur: 68 klst., atkvæðagreiðslur: 19 klst., skýrslur: 39 klst., svör við fyrirspurnum, bæði munnlegum og óundirbúnum: 43 klst., utandagskrárumræður: 20 klst., ræður um störf þingsins í upphafi fundar og um fundarstjórn forseta: 19 klst., almennar stjórn málaumræður, stefnuræða forsætisráðherra og umræður um hana: 4 klst., annað (t.d. tafir milli dag-skrárlíða, hlé, tilkynningar forseta, útbýting þing-

skjala, minningarorð, kosningar og setning og slit þingfunda): 18 klst.



## Þingnefndir

Fastanefndir Alþingis eru tólf: allsherjarnefnd, efnahags- og viðskiptanefnd, félagsmálanefnd, fjárlaganefnd, heilbrigðis- og trygginganefnd, iðnaðar- nefnd, landbúnaðarnefnd, menntamálanefnd, sam- göngunefnd, sjávarútvegsnefnd, umhverfisnefnd og utanríkismálanefnd, auk kjörbréfanefndar sem hef- ur það verkefni að rannsaka kjörbréf nýrra þing- manna og varaþingmanna.

Kosið var í fastanefndir á fyrsta fundi 127. löggjafarþings. Níu þingmenn sitja í hverri fastanefnd fyrir utan fjárlaganefnd en þar sitja ellefu þing- menn. Til utanríkismálanefndar eru að auki kosnir níu varamenn.

Á 127. löggjafarþingi héldu fastanefndir fundi venju samkvæmt fyrir hádegi þingfundardagana. Þá voru 14 dagar ætlaðir eingöngu til nefndastarfa. Alls



*Fundur í sjávarútvegsnefnd. Alls héldu fastanefndir 377 fundi á 127. þingi sem stóðu samtals í u.þ.b. 658 klukkustundir.*

## Þingmál á 127. löggjafarþingi

Flutningsmenn	Frumvörp til laga
Ríkisstjórnin	Frumvörp alls: 135 Lög: 111 Afgreidd samhljóða: 71 Ágreiningur: 40 Óafgreidd: 24
Stjórnarþingmenn	Frumvörp alls: 19 Lög: 2 Ágreiningur: 2 Óafgreidd: 17
Stjórnarandstöðu- þingmenn	Frumvörp alls: 54 Vísað til ríkisstjórnarinnar: 1 Óafgreidd: 53
Nefnd eða meiri hluti nefndar	Frumvörp alls: 7 Lög: 6 Afgreidd samhljóða: 3 Ágreiningur: 3 Óafgreitt: 1

<i>Flutningsmenn</i>	Tillögur til þingsályktunar
Ríkisstjórnin	Þingsályktunartillögur alls: 25 Þingsályktanir: 25 Afgreiddar samhljóða: 19 Ágreiningur: 6
Stjórnarþingmenn	Þingsályktunartillögur alls: 38 Þingsályktanir: 8 Afgreiddar samhljóða: 8 Vísað til ríkisstjórnarinnar: 3 Óafgreiddar: 27
Stjórnarandstöðu- þingmenn	Þingsályktunartillögur alls: 66 Þingsályktanir: 4 Afgreiddar samhljóða: 4 Vísað til ríkisstjórnarinnar: 1 Óafgreiddar: 61
Nefnd	Þingsályktunartillögur: 2 Þingsályktanir: 2 Afgreiddar samhljóða: 2
<i>Flutningsmenn</i>	Fyrirspurnir
Stjórnarþingmenn	Munnlegar fyrirspurnir: 46 Þar af svarað: 46 Skriflegar fyrirspurnir: 38 Þar af svarað: 31 Ekki svarað: 6 Kölluð aftur: 1 Óundirbúnaðar fyrirspurnir: 5 Öllum svarað
Stjórnarandstöðu- þingmenn	Munnlegar fyrirspurnir: 131 Þar af svarað: 126 Ekki svarað: 2 Kallaðar aftur: 3 Skriflegar fyrirspurnir: 151 Þar af svarað: 141 Ekki svarað: 8 Kallaðar aftur: 2 Óundirbúnaðar fyrirspurnir: 39 Öllum svarað
<i>Flutningsmenn</i>	Skýrslur/beiðni
Ríkisstjórn	Skýrslur: 17 Þar af skýrslur samkvæmt beiðni: 2
Nefnd	Skýrslur: 11

héldu fastanefndir 377 fundi á þinginu sem stóðu samtals í 658 klst.

Samtals voru boðaðir 1.927 gestir á fundi nefndanna.

Nefndirnar sendu 5.252 beiðnir um umsagnir um samtals 188 þingmál og bárust 2.906 erindi. Þá bárust 165 erindi um önnur mál.

Af þeim 288 þingmálum, sem vísað var til nefnda, var 181 lagafrumvarp, þar af 129 frá ríkisstjórn en 52 flutt af þingmönnum. Nefndirnar afgreiddu með nefndarálit 120 lagafrumvörp, 115 stjórnarfrumvörp en fimm þingmannafrumvörp.

Af þingsályktunartillögum, sem vísað var til nefnda, voru 23 frá ríkisstjórn en 84 frá þingmönnum. Alls voru 23 stjórnartillögur afgreiddar með nefndarálit en 16 þingmannatillögur. Þingsályktunartillögur um þingfrestun, en þær voru tvær á þinginu, voru afgreiddar við eina umræðu og var þeim ekki vísað til nefndar.

Nefndirnar luku ekki afgreiðslu á 129 þingmálum, 13 frá ríkisstjórn og 116 frá þingmönnum.

Fastanefndir eða meiri hlutar þeirra fluttu sjö frumvörp í eigin nafni og hlutu sex þeirra lokaaf-

greiðslu. Einnig fluttu tvær nefndir sína tillöguna hvor til þingsályktunar og voru þær samþykktar.

Á 127. löggjafarþingi skiluðu tvær nefndir þremur skýrslum um mál sem tekin voru upp að eigin frumkvæði, sbr. heimild í 26. gr. laga um þingsköp.

Á hverju ári eiga fastanefndir þingsins þess kost að fara í vettvangsferðir innan lands. Iðnaðarnefnd fór norður Kjöl til Skagafjarðar. Aðaltilgangur ferðarinnar var að skoða virkjunarkosti en jafnframt voru höfuðstöðvar Bygðastofnunar á Sauðárkróki heimsóttar. Í september fór menntamálanefnd til Akureyrar til að kynna sér starfsemi helstu menntastofnana þar og einnig var farið til Grímseyjar. Umhverfisnefnd fór í ágústmánuði um Snæfellsnes. Megintilgangur ferðarinnar var að skoða þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Jafnframt kynnti nefndin sér starfsemi Landmælinga á Akranesi, Staðardagskrá 21 í Borgarnesi, sorpurðun að Fíflholtum og Náttúrufestu Vesturlands. Auk þess var farið um byggðarlögin á norðanverðu Snæfellsnesi.

Í september hélt landbúnaðarnefnd málþing hjá Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti um væntanlegt frumvarp til landgræðslulaga með þátttöku fulltrúa

### NEFNDASTÖRF Á 127. ÞINGI

	Fundir	Fundartími (klst.)	Mál til nefnda	Nefndarálit	Breytingartillögur	Umsagnarbeiðnir	Erindi til nefnda	Gestir nefnda	Afgreidd mál	Mál flutt af nefnd
Allsherjarnefnd	30	68	45	20	10	558	288	167	18	3
Efnahags- og viðskiptanefnd	46	93	54	41	31	600	448	368	34	4
Félagsmálanefnd	28	46	19	12	8	207	118	98	9	0
Fjárlaganefnd	50	110	6	14	17	44	599	361	4	1
Heilbrigðis- og trygginganefnd	32	58	26	16	10	583	301	135	15	0
Iðnaðarnefnd	29	43	22	18	5	455	198	145	13	0
Landbúnaðarnefnd	21	34	17	12	9	844	173	96	11	2
Menntamálanefnd	27	32	9	5	4	168	91	147	4	0
Samgöngunefnd	35	56	26	21	15	680	289	137	13	0
Sjávarútvegsnefnd	29	49	19	17	6	443	169	127	9	1
Umhverfisnefnd	22	35	20	10	5	651	217	64	7	0
Utanríkismálanefnd	28	34	24	23	1	19	15	82	22	1
Sérnefnd	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0
Alls	377	658	288	209	121	5.252	2.906	1.927	159	12



*Allsherjarnefnd á fundi. Nefndin fjallar um mál er heyra undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið og önnur mál sem ekki heyra undir aðrar fastanefndir, flest frá forsetisráðuneyti. Alls komu 1.927 gestir á fundi nefnda á 127. þingi.*

fjölmargra samtaka og stofnana sem koma að þeim málaflokki. Efnahags- og viðskiptanefnd hélt haustfund samkvæmt venju, að þessu sinni í Grundarfirði. Aðalumræðuefnið var staða efnahags- og peningamála og fjármagnsmarkaðurinn á landsbyggðinni. Fjárlaganefnd fór um Norðurlandskjördæmi eystra í september þar sem nefndin hélt fundi með sveitarstjórnnum. Tilgangur ferðarinnar var að ræða við heimamenn og skoða mannvirki og stofnanir. Auk nefndarmanna voru vegamálastjóri og siglingamálastjóri með í förinni.

Félagsmálanefnd og heilbrigðis- og trygginganefnd fóru til Brussel í júnímánuði og kynntu sér stefnu ESB á sviði heilbrigðis- og félagsmála.

Þá hafa fastanefndir farið í nokkrar styttri kynnisferðir í stofnanir og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni þess.

### *Þingflokksfundir*

Þingflokksfundir eru að jafnaði haldnir tvisvar í viku á þingtíma en eftir þörfum í þinghléum. Á 127. þingi hélt þingflokkur Framsóknarflokks 47

fundir, þingflokkur Frjálslynda flokksins u.þ.b. 50 fundir, þingflokkur Samfylkingarinnar 49 fundir, þingflokkur Sjálfstæðisflokks 51 fund og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs 53 fundir.

#### SKIPAN ÞINGFLOKKA VIÐ UPPHAF 127. LÖGGJAFARÞINGS

Þingflokkur	Fjöldi	Karlar	Konur
Framsóknarflokkur	12	9	3
Frjálslyndi flokkurinn	2	2	
Samfylkingin	17	8	9
Sjálfstæðisflokkur	26	17	9
Vinstri hreyfingin – grænt framboð	6	4	2
	63	40	23

## Þingmenn og þingflokkar á 127. þingi

Engar breytingar urðu á skipan þingsins á 127. löggjafarþingi. Hlutfall kvenna á Alþingi var 36,5%. Á 127. löggjafarþingi tóku 19 varamenn sæti, þar af sjö í fyrsta sinn.

### *Framsóknarflokkur:*

1. Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.
2. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
3. Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.
4. Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.
5. Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.
6. Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.
7. Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.
8. Magnús Stefánsson, 2. þm. Vesturl.
9. Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.
10. Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v.
11. Siv Friðleifsdóttir, 7. þm. Reykn.
12. Valgerður Sverrisdóttir, 2. þm. Norðurl. e.

### *Frjálslyndi flokkurinn:*

1. Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
2. Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

### *Samfylkingin:*

1. Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.
2. Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.
3. Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl.
4. Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.
5. Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.
6. Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.
7. Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.
8. Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.
9. Karl V. Matthíasson, 2. þm. Vestf.
10. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.
11. Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.
12. Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.
13. Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.
14. Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.
15. Svanfríður Jónasdóttir, 4. þm. Norðurl. e.
16. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.
17. Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

### *Sjálfstæðisflokkur:*

1. Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.
2. Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.
3. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
4. Ásta Möller, 19. þm. Reykv.
5. Björn Bjarnason, 2. þm. Reykv.
6. Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv.
7. Drífa Hjartardóttir, 1. þm. Suðurl.
8. Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.
9. Einar Oddur Kristjánsson, 5. þm. Vestf.
10. Geir H. Haarde, 3. þm. Reykv.
11. Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.
12. Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.
13. Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.
14. Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.
15. Kjartan Ólafsson, 4. þm. Suðurl.
16. Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.
17. Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.
18. Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.
19. Pétur H. Blöndal, 10. þm. Reykv.
20. Sigríður Ingvarsdóttir, 4. þm. Norðurl. v.
21. Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.
22. Sólveig Pétursdóttir, 4. þm. Reykv.
23. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.
24. Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.
25. Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v.
26. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.

### *Vinstri hreyfingin – grænt framboð:*

1. Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e.
2. Jón Bjarnason, 5. þm. Norðurl. v.
3. Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.
4. Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.
5. Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.
6. Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.

## Erlend samskipti



*Forseti neðri deildar kanadíska þingsins, Peter Milliken, var á Íslandi í boði forseta Alþingis 13.–16. ágúst 2002. Í heimsókn sinni í Alþingishúsið skoðaði þingforsetinn m.a. minningarskjöld, gjöf Manitoba-fylkis til Íslendinga á Alþingishátíðinni 1930. Á skildinum er andlitsmynd af Thomasi Hermann Johnson sem var dómsmála- og atvinnumálaráðherra fylkisins um skeið.*

### *Alþjóðastarf á vegum forseta Alþingis*

#### **Opinberar heimsóknir forseta Alþingis**

Forseti Alþingis, Halldór Blöndal, var ásamt sendinefnd í opinberri heimsókn í Lundúnum dagana 5.–9. nóvember 2001 í boði neðri deildar breska þingsins. Forseti og sendinefnd áttu fundi með Michael Martin, forseta neðri deildar breska þingsins, Elliot Morley, aðstoðarráðherra í málefnum sjávarútvegsins, og með þingmönnum. Þá hélt sendinefndin til Edinborgar þar sem forseti Alþingis átti fund með Sir David Steel, forseta skoska þingsins, og öðrum þingmönnum. Sendinefndin átti viðræður við fulltrúa byggðastofnunar í Inverness.

Í framhaldi af heimsókninni til Bretlands hélt forseti Alþingis ásamt sendinefnd í opinbera heim-

sókn til Írlands í boði Séamus Pattison, forseta neðri deildar írska þingsins, dagana 11.–15. nóvember. Forseti Alþingis og sendinefnd áttu fundi með Séamus Pattison, Bertie Ahern forsætisráðherra, Brendan Howlin, varaformanni Verkamannaflokksins, Jim O’Keeffe, fulltrúa Fine Gael, og Mary Coughlan, ráðherra menningarmála. Þá ræddi sendinefndin við utanríkismálanefnd írska þingsins og hitti fulltrúa sjávarútvegsins. Í Kilkenny, heima bæ írska þingforsetans, átti sendinefndin m.a. viðræður við borgarstjórnann og hitti fulltrúa atvinnulífsins.

Forseti Alþingis var í opinberri heimsókn í Kanada dagana 3.–7. júní 2002 í boði forseta neðri deildar kanadíska þingsins. Í Ottawa átti forseti Alþingis fundi með Peter Milliken, forseta neðri deildar kanadíska þingsins, og með leiðtogum stjórnar-



*Pier Ferdinando Casini, forseti neðri deildar ítalska þingsins, var á Íslandi í boði forseta Alþingis dagana 13.–15. september 2002. Hann varð fyrstur opinberra gesta til að heimsækja nýjan þjónustuskála Alþingis.*

meirihlutans og stjórnarandstöðunnar í neðri deild þingsins. Auk þess ræddi Halldór Blöndal við Robert Thibault, sjávarútvegsráðherra Kanada, og Dan Hays, forseta öldungadeildar þingsins. Forseti Alþingis hitti fulltrúa samtaka Vestur-Íslendinga í Calgary og Markerville. Sögustaðir Stephans G. Stephanssonar voru skoðaðir. Forseti öldungadeildar kanadíska þingsins hélt kvöldverðarboð til heiðurs forseta Alþingis í Banff.

Forseti Alþingis var ásamt sendinefnd í heimsókn í Bremen dagana 28. ágúst til 1. september 2002 í boði þings sambandslandsins Bremen. Í heimsókninni átti sendinefndin fundi með borgarstjóra Bremen, Henning Scherf, og forseta borgarstjórnar, Christian Weber, og öðrum ráðamönnum í sambandslandinu. Sendinefndin fór í kynnisferð um Bremerhaven og átti fundi með Íslendingum sem þar starfa og með fulltrúum verslunarráða Bremen og Bremerhaven.

### **Opinberar heimsóknir til Alþingis**

Dagana 6.–9. apríl 2002 kom Birgitta Dahl, forseti sænska þingsins, í opinbera heimsókn til Íslands í boði Alþingis. Í ferð sinni átti hún fundi með forseta Alþingis, formönnum þingflokka, Halldóri Ásgrímssyni utanríkisráðherra, Geir H. Haarde fjármálaráðherra og Össuri Skarphéðinssyni, formanni Samfylkingarinnar. Sænski þingforsetinn heimsótti Vestmannaeyjar þar sem bæjarstjóri, forseti bæjarstjórnar, sýslumaður og ræðismaður Svía í Vestmannaeyjum tóku á móti gestum.

Dagana 2.–6. maí 2002 kom Pjotr Romanov, varaforseti neðri deildar rússneska þingsins, Dúmunnar, í opinbera heimsókn til Íslands ásamt sendinefnd í boði forseta Alþingis. Í heimsókninni átti Romanov fundi með Halldóri Blöndal, Davíð Oddssyni forsætisráðherra, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins og Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta



Íslands. Auk þess ræddi sendinefndin við utanríkis-  
málanefnd Alþingis og fulltrúa þingflokka.

Dagana 13.–16. ágúst 2002 kom Peter Milliken,  
forseti neðri deildar kanadíska þingsins, í opinbera  
heimsókn til Íslands í boði forseta Alþingis. Í heim-  
sókninni var fyrst haldið í skoðunarferð um Norð-  
urland þar sem Háskólinn á Akureyri og Stofnun  
Vilhjalms Stefánssonar voru m.a. heimsótt, en sam-  
starf norðurskautssvæða var ofarlega á baugi í heim-  
sókninni. Í Reykjavík átti Milliken fundi með for-  
seta Alþingis, Össuri Skarphéðinssyni, formanni  
Samfylkingarinnar, Davíð Oddssyni forsætisráð-  
herra og Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands.

Pier Ferdinando Casini, forseti neðri deildar  
ítalska þingsins, kom í opinbera heimsókn til Ís-  
lands í boði forseta Alþingis, dagana 13.–15. sept-  
ember 2002. Í heimsókninni átti Pier Ferdinando  
Casini fund með Halldóri Blöndal, Davíð Oddssyni  
forsætisráðherra, Geir H. Haarde fjármálaráðherra  
og fulltrúum þingflokka.

Dagana 16.–20. september 2002 kom Rory  
O'Hanlon, forseti neðri deildar írska þingsins, í op-  
inbera heimsókn til Íslands ásamt sendinefnd í boði  
forseta Alþingis. Í heimsókninni átti O'Hanlon  
fundi með forseta Alþingis, Davíð Oddssyni forsæt-  
isráðherra og fulltrúum þingflokka.

Þess má geta að forseti slóvenska þingsins, Borut  
Pahor, hafði skamma viðdvöl hér á landi 25. janúar  
2002 og hitti Guðmund Árna Stefánsson, 1. vara-  
forseta Alþingis, að máli í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

#### Fundir þingforseta

Dagana 9.–12. maí 2002 sótti forseti Alþingis  
fund forseta þjóðþinga í aðildarríkjum Evrópuráðs-  
ins í Zagreb í Króatíu. Meginefni fundarins voru að-  
gerðir lýðræðisríkja til að stemma stigu við hryðju-  
verkastarfsemi.

Árlegur fundur þingforseta Norðurlanda var  
haldinn 7.–9. ágúst 2002, að þessu sinni í Vadstena  
í Svíþjóð. Samhliða fundinum var haldinn fundur  
þingforseta Norðurlanda með þingforsetum Eystra-  
saltsríkjanna. Þar var rætt um samstarf þinga í þess-  
um hluta Evrópu á alþjóðavettvangi og samstarf  
Norðurlandaráðs og Eystrasaltsráðsins.

#### Þátttaka í öðru alþjóðastarfi

Dagana 13.–15. nóvember 2001 efndi þýska  
þingið til Norðurlandadaga í Berlín. Árni Steinar  
Jóhannsson, 4. varaforseti Alþingis, sótti Norður-  
landadagana fyrir hönd forseta Alþingis.

Þingið í þýska sambandslandinu Slésvík-Holt-  
setalandi býður Alþingi árlega til þátttöku í Kílar-  
vikunni svonefndu. Það býður þingmönnum frá  
Norðurlöndum, Eystrasaltsríkjunum, Póllandi og  
Rússlandi og víðar að til tveggja daga ráðstefnu um  
málefni sem efst eru á baugi hverju sinni, svo sem  
öryggismál og umhverfismál. Kílarvika var haldin  
dagana 22.–25. júní 2002 og fór 2. varaforseti  
Alþingis, Guðjón Guðmundsson, fyrir sendinefnd  
Alþingis.

Á eynni Mön fer árleg þinghátíð fram í júlí und-  
ir berum himni á Þingvöllum eða Tynwald eins og  
þeir heita þar. Þekking Manarbúa nú á þingstörfum  
að fornu er að mestu fengin úr íslenskum bók-  
menntum. Alþingi er boðið til hátíðarinnar ár hvert  
og fulltrúi Alþingis að þessu sinni var Árni Steinar  
Jóhannsson, 4. varaforseti Alþingis. Manarþingið  
var haldið 3.–6. júlí.

Dagana 28.–31. júlí 2002 var efnt til hátíðar-  
halda í Þórshöfn í Færeyjum í tilefni af því að 150  
ár voru liðin frá endurreisn Lögþings Færeyja. Hall-  
dór Blöndal, forseti Alþingis, sótti hátíðarfundinn í  
Þórshöfn.

Halldór Blöndal, forseti Alþingis, tók þátt í af-  
hjúpun minnisvarða í Vík í Mýrdal 15. september  
2002 um Íslandsveiðar þýskra sjómanna og björg-  
unarafrek við Íslandsstrendur.

#### Opinberar heimsóknir í Alþingishúsið

Eftirtaldir tignargestir heimsóttu Alþingishúsið á  
127. þingi:

Anatolij Zlenko, utanríkisráðherra Úkraínu,  
kom í heimsókn í Alþingishúsið fimmtudaginn 16.  
maí 2002.

Maria Eugenia Brizuela de Avila, utanríkisráð-  
herra El Salvador, kom í heimsókn í Alþingishúsið  
föstudaginn 24. maí 2002.

Andris Bērziņš, forsætisráðherra Lettlands, kom í heimsókn í Alþingishúsið fimmtudaginn 6. júní 2002.

Janez Drnovš, forsætisráðherra Slóveníu, kom í heimsókn í Alþingishúsið mánudaginn 8. júlí 2002.

### Aðrar heimsóknir til Alþingis

Helle Degn, sérlegur fulltrúi Eystrasaltsráðsins, átti fundi með fulltrúum utanríkismálanefndar og Íslandsdeilda ÖSE-þingsins og Evrópuráðsþingsins 7. janúar 2002.

Jelko Kacin, formaður utanríkismálanefndar slóvenska þingsins, kom í heimsókn til Íslands 8. apríl 2002 og átti fundi með utanríkismálanefnd Alþingis, forseta Alþingis, utanríkisráðherra og menntamálaráðherra, auk fundar með Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA/EES.

Halldór Blöndal, forseti Alþingis, bauð Jörgen Kosmo, forseta norska Stórþingsins, til kvöldverðar þegar hann var staddur hér á landi á þemaráðstefnu Norðurlandaráðs 14. apríl 2002.

Miðvikudaginn 28. maí 2002 kom vináttuhópur efri deildar franska þingsins í heimsókn í Alþingishúsið.

Roger D. Moe, þingmaður frá Minnesota í Bandaríkjunum, heimsótti Alþingi 8. júní 2002.

Hópur þingmanna frá Slésvík-Holtsetalandi sótti Alþingi heim 9. júní 2002.

Sænskir þingmenn komu í heimsókn til Alþingis og áttu fund með fulltrúum félagsmálanefndar og heilbrigðis- og trygginganefndar 18. júní 2002.

Fjölmennur vináttuhópur úr efri deild japanska þingsins kom í heimsókn til Alþingis 26. ágúst 2002 og átti fund með Halldóri Blöndal, forseta Alþingis.

Sendinefnd frá kínversku alþjóðamálastofnuninni átti fund með fulltrúum utanríkismálanefndar 26. september 2002.

Til viðbótar tók forseti Alþingis að venju á móti allmörgum erlendum sendiherrum, oftast í tengslum við afhendingu trúnaðarbréfs.

### Alþjóðanefndir

Á Alþingi starfa níu alþjóðanefndir (Íslandsdeildir alþjóðlegra þingmannasamtaka) sem sinna þátttöku þingsins í þeim fjölþjóðlegu þingmannasamtökum sem Alþingi á aðild að.

**Alþjóðþingmannasambandið (IPU)** hélt þing í Ouagadougou (september 2001) og Marrakesh (mars 2002). Íslandsdeild Alþjóðþingmannasambandsins var í forustu fyrir norræna hópnum í IPU árið 2002 og stóð fyrir norrænum samráðsfundum í Reykjavík 14.–15. febrúar og á Vestfjörðum 8.–10. september 2002.

Íslandsdeild **Evrópuráðsþingsins** sótti alla fjóra þingfundi Evrópuráðsþingsins sem haldnir voru í janúar, apríl, júní og september 2002. Auk þess sátu þingmenn Íslandsdeildarinnar fjölmarga nefndarfundi.

Ársfundur **NATO-þingsins** árið 2001 var haldinn í október í Ottawa og vorkundur NATO-þingsins 2002 var haldinn í Sofíu í maí. Hópur fimmtán evrópskra þingmanna, sem sæti eiga í vísinda- og tækninefnd og efnahagsnefnd NATO-þingsins, sótti Alþingi heim dagana 1.–3. október 2001.

**Norðurlandaráðsþing** var að þessu sinni haldið í Kaupmannahöfn í nóvember 2001. Dagana 15.–16. apríl 2002 var efnt til þemaráðstefnu Norðurlandaráðs í Reykjavík með þátttöku 350 gesta, þar af 130 þingmanna frá Íslandi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum, auk annarra erlendra gesta. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Norrænt lýðræði 2020“ og var leitast við að varpa ljósi á norræna lýðræðisþróun. Meðal sértækra málefna sem fjallað var um voru norræna velferðarríkið og lýðræði, norræn lýðræðisgildi í hnattvæddum heimi, áhrif fjölmenningar á lýðræðið og þátttaka nýbúa í stjórnkerfi og stjórn-sýslu á Norðurlöndum.

Í lok október 2001 kom forsætisnefnd **Vestnorræna** ráðsins saman í Kaupmannahöfn í tengslum við Norðurlandaráðsþingið. Í júní 2002 var þemaráðstefna og veiðimeningarráðstefna Vestnorræna ráðsins haldin í Þórshöfn. Þá var ársfundur Vestnorræna ráðsins haldinn í Stykkishólmi 16.–19. ágúst 2002. Þingmenn frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi sóttu fundinn auk annarra gesta.

**Þing Vestur-Evrópusambandsins (VES-þingið)** hélt tvo fundi, fyrri fundinn í desember 2001 og þann seinni í júní 2002. Íslandsdeildin tók þátt í báðum fundunum.

Íslandsdeild þings **Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE-þingsins)** sótti vetrarfundi ÖSE-þingsins sem haldnir voru í Vínarborg í febrúar 2001 og ársfund ÖSE sem haldinn var í júlí 2002 í Berlín.

Íslandsdeild **þingmannanefndar EFTA** sótti reglulega fundi á vegum þingmannanefndarinnar, þ.e. fundi þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES og fundi með ráðherraráði EFTA. Fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES fór fram í Reykjavík dagana 26.–28. maí 2002. Þá fóru fundir framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA, þingmannanefndar EFTA og ráðherraráðs EFTA fram á Egilsstöðum 26.–28. júní 2002.

Hinn 3. maí 2002 var stofnuð þriggja manna Íslandsdeild **þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál**, en áður hafði forseti Alþingis skipað einn fulltrúa í stjórnarnefnd ráðstefnunnar (þingmannanefnd um norðurskautsmál) og valið þátttakendur á ráðstefnuna hverju sinni. Fundir þingmannanefndarinnar voru haldnir í nóvember 2001 í Syktyvkar, í febrúar 2002 í Helsinki og í júní 2002 í Strassborg. Ráðstefna þingmannanefndar um norðurskautsmál var haldin í Tromsö í júlí og hana sótti nýskipuð Íslandsdeild.

Frekari upplýsingar um starfsemi alþjóðanefnda má finna í ársskýrslum þeirra til Alþingis.

#### **Annað alþjóðastarf**

Alþingi sendir fulltrúa á **allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna** á hverju hausti. Að venju var þingmönnum skipt í tvo hópa, þremur í hvorn, sem sátu allsherjarþingið tvær vikur í senn.

## Útgáfa þingmála og efnis þingfunda



*Samkvæmt lögum um þingsköp Alþingis skal prenta umræður á Alþingi, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum, í Alþingistíðindum. Þau hafa verið gefin út síðan 1845.*

Umræður á Alþingi, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum, skal prenta í Alþingistíðindum skv. 1. mgr. 88. gr. þingskapa.

**ÞINGMÁL** (lausaskjöl, vefútgáfa þingskjala og skjalahefti).

**Lausaskjöl:** Þingskjölum er útbýtt á þingfundi og þau síðan sett á vefinn svo fljótt sem auðið er. Þingskjöl (lausaskjöl) urðu samtals 1.496.

**Skjalahefti:** Skjölin á 127. þingi eru gefin út í 22 skjalaheftum, samtals 6.194 blaðsíður, en í þeirri útgáfu eru sum skjölin stytta, þ.e. fellt er brott efni sem hefur birst áður í Alþingistíðindum eða er aðgengilegt annars staðar.

**ÞINGRÆÐUR** (ræðuhefti og vefútgáfa þingræðna).

**Umræðuhefti:** Ræðuheftin á 127. þingi urðu alls 19, samtals 7.974 dálkar.

**Vefútgáfa:** Ræðutexti er settur á vef Alþingis, sem er aðgengilegur öllum, að jafnaði einum til tveimur dögum eftir að ræður eru fluttar í þingsal. Á álagstímum, eins og fyrir jólahlé og þingfrestun á vori, getur líðið lengri tími þar til ræðurnar birtast á vefnum.

### LÖG OG ÞINGSÁLYKTANIR

Lög, sem Alþingi hefur samþykkt, er að finna á vef þingsins undir síðasta þingskjalsnúmeri máls. Jafnframt er stjórnartíðindanúmer skráð þegar lög hafa verið gefin út í Stjórnartíðindum. Lög urðu samtals 119 á 127. þingi. Þingsályktanir, sem urðu samtals 39, er einnig að finna undir síðasta þingskjalsnúmeri málsins.

### AÐALEFNISYFIRLIT

Aðalefnisyfirlit Alþingistíðinda fyrir 126. og 127. þing koma út 2003.

## 128. LÖGGJAFARÞING

### Forsætisnefnd

Á þingsetningarfundum þriðjudaginn 1. október 2002 var Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e., endurkjörinn forseti Alþingis með 45 atkvæðum, 15 þingmenn greiddu ekki atkvæði. Á fundi sama dag voru endurkjörnir varaforsetar án atkvæðagreiðslu Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn., Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl., Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl., og Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e. Skipuðu þeir forsætisnefnd ásamt forseta Alþingis. Fundi forsætisnefndar sitja jafnan Friðrik Ólafsson skrifstofustjóri, Helgi Bernóðsson aðstoðarskrifstofustjóri, Karl M. Kristjánsson, rekstrar- og fjármálastjóri, og Þorsteinn Magnússon, forstöðumaður almennrar skrifstofu, sem er ritari forsætisnefndar. Líkt og á fyrri þingum voru fastir fundir forsætisnefndar á þingtíma haldnir á

mánudagsmorgnum. Á 128. löggjafarþingi 2002–2003 voru haldnir 17 fundir í forsætisnefnd, nokkru færri en á öðrum þingum á kjörtímabilinu, enda var þinghaldið styttra vegna alþingiskosninganna 10. maí.

Skipulag þingstarfa var sem á fyrri þingum veigamesti þátturinn á fundum nefndarinnar á 128. löggjafarþingi. Því til viðbótar komu einkum til umfjöllunar mál er vörðuðu fjármál og rekstur þingsins og ýmis erindi frá þingmönnum.

Í framhaldi af föstum fundum forsætisnefndar á forseti fund með formönnum þingflokka þar sem farið er yfir drög að áætlunum um þingfundum vikunnar, auk annarra mála, einkum utandagskrárumræður er varða skipulag þingstarfa.



*Forseti Íslands, biskup Íslands, vígslubiskup, forsætisráðherra og forseti Alþingis ganga fyrstir til Dómkirkjunnar við setningu 128. löggjafarþings.*



## Þingstörfin


Forseti Íslands setti 128. löggjafarþing skv. 35. gr. stjórnarskrárinnar þriðjudaginn 1. október 2002. Þingið var að störfum frá 1. október til 13. desember 2002 og frá 21. janúar til 15. mars 2003 en þá var fundum þess frestað til loka þess tíma sem umboð þingmanna náði til, þ.e. fram á kjördag, 10. maí. Þingfundir voru alls 104 á 74 þingfundardögum. Lengsti þingfundurinn stóð í u.þ.b. 19 klst.

Vikan 20.–26. október var kjördæmavika og lágu þingfundir þá niðri svo að þingmönnum gæfist tækifæri til fundarhalda í kjördæmum. Alls voru níu starfsdagar eingöngu helgaðir nefndastarfi fyrir utan reglubundna nefndarfundi yfir þingtímann.

### Þingmál

Frumvörp voru alls 205 og þar af voru 128 samþykkt sem lög. Tillögur til þingsályktunar voru 134 og voru 39 samþykktar sem ályktanir Alþingis. Fyrirspurnir voru 355 og var 335 svarað. Óundirbúnar fyrirspurnir voru 33. Skýrslur voru 24, beiðni um skýrslu var ein og barst skýrslan. Munnlegar skýrslur voru þrjár, þar af ein frá ráðherra. Umræður um störf þingsins í upphafi þingfundar fóru fram á 28





fundum. Umræður utan dagskrár voru 32 og hófu stjórnarandstöðuþingmenn þær allar.

### Þingfundir

Á 128. þingi var heildarfundartími 387 klst. Hann skiptist á eftirfarandi hátt: Ræður um frumvörp: 205 klst., ræður um þingsályktunartillögur: 64 klst., atkvæðagreiðslur: 20 klst., skýrslur: 11 klst., svör við fyrirspurnum, bæði munnlegum og óundirbúnum: 36 klst., utandagskrárumræður: 19 klst., ræður um störf þingsins í upphafi fundar og um fundarstjórn forseta: 8 klst., almennar stjórn málaumræður, stefnuræða forsætisráðherra og umræður um hana: 4 klst., annað (t.d. tafir milli dagskrárlíða, hlé, tilkynningar forseta, útbýting þingskjala, minningarorð, kosningar og setning og slit þingfunda): 20 klst.

### Þingnefndir

Fastanefndir Alþingis eru tólf: allsherjarnefnd, efnahags- og viðskiptanefnd, félagsmálanefnd, fjárlaganefnd, heilbrigðis- og trygginganefnd, iðnaðar- nefnd, landbúnaðarnefnd, menntamálanefnd, samgöngunefnd, sjávarútvegsnefnd, umhverfisnefnd og utanríkismálanefnd, auk kjörbréfanefndar sem hefur það verkefni að rannsaka kjörbréf nýrra þingmanna og varaþingmanna.

Kosið var í fastanefndir á fyrsta fundi 128. löggjafarþings. Níu þingmenn sitja í hverri fastanefnd fyrir utan fjárlaganefnd en þar sitja ellefu þingmenn. Til utanríkismálanefndar eru að auki kosnir níu varamenn.

FJÖLDI OG LENGÐ ÞINGFUNDA			
Löggjafarþing	Fjöldi	Dagar	Klst.
117. (1993–1994)	162	112	636
118. (1994–1995)	109	77	412
120. (1995–1996)	163	113	621
121. (1996–1997)	132	97	535
122. (1997–1998)	147	113	654
123. (1998–1999)	91	69	384
125. (1999–2000)	123	91	539
126. (2000–2001)	131	96	567
127. (2001–2002)	138	96	618
128. (2002–2003)	104	74	387
119. og 124. löggjafarþing voru stutt aukarþing eftir alþingiskosningar 1995 og 1999.			

Á 128. löggjafarþingi héldu fastanefndir fundi venju samkvæmt fyrir hádegi þingfundardagana. Þá voru níu dagar ætlaðir eingöngu til nefndastarfa. Alls héldu fastanefndir 287 fundi á þinginu sem stóðu samtals í 477 klst.

Samtals voru boðaðir 1.579 gestir á fundi nefndanna.

Nefndirnar sendu 4.233 beiðnir um umsagnir um samtals 163 þingmál og bárust um 2.400 erindi. Þá bárust 145 erindi sem vörðuðu önnur mál.

Af 291 þingmáli, sem vísað var til nefnda, voru 178 lagafrumvörp, þar af 126 frá ríkisstjórn en 52 flutt af þingmönnum. Nefndirnar afgreiddu með nefndaráliti 118 lagafrumvörp, 117 stjórnarfrumvörp en eitt þingmannafrumvarp.

Af þingsályktunartillögum, sem vísað var til nefnda, voru 24 frá ríkisstjórn en 89 voru fluttar af þingmönnum. 23 stjórnartillögur voru afgreiddar með nefndaráliti en 19 þingmannatillögur. Þingsályktunartillögur um þingfrestun, en þær voru tvær á þinginu, voru afgreiddar við eina umræðu og var þeim ekki vísað til nefndar.

*Þingmál á 128. löggjafarþingi*

<i>Flutningsmenn</i>	<i>Frumvörp til laga</i>
Ríkisstjórnin	Frumvörp alls: 130 Lög: 115 Afgreidd samhljóða: 74 Ágreiningur: 41 Óafgreidd: 15
Stjórnarþingmenn	Frumvörp alls: 13 Lög: 1 Afgreidd samhljóða: 1 Óafgreidd: 12
Stjórnarandstöðu- þingmenn	Frumvörp alls: 50 Óafgreidd: 50
Nefnd eða meiri hluti nefndar	Frumvörp alls: 12 Lög: 12 Afgreidd samhljóða: 10 Ágreiningur: 2
<i>Flutningsmenn</i>	<i>Tillögur til þingsályktunar</i>
Ríkisstjórnin	Þingsályktunartillögur alls: 27 Þingsályktanir: 26 Afgreiddar samhljóða: 23 Ágreiningur: 3 Óafgreidd: 1
Stjórnarþingmenn	Þingsályktunartillögur alls: 31 Þingsályktanir: 7 Afgreiddar samhljóða: 6 Ágreiningur: 1 Vísað til ríkisstjórnarinnar: 2 Óafgreiddar: 22
Stjórnarandstöðu- þingmenn	Þingsályktunartillögur alls: 76 Þingsályktanir: 6 Afgreiddar samhljóða: 6 Vísað til ríkisstjórnar: 3 Óafgreiddar: 67



<i>Flutningsmenn</i>	Fyrirspurnir
Stjórnarþingmenn	Munnlegar fyrirspurnir: 56 Þar af svarað: 56 Skriflegar fyrirspurnir: 48 Þar af svarað: 44 Ekki svarað: 4 Óundirbúnar fyrirspurnir: 5 Öllum svarað
Stjórnarandstöðu- þingmenn	Munnlegar fyrirspurnir: 102 Þar af svarað: 96 Ekki svarað: 3 Kallaðar aftur: 3 Skriflegar fyrirspurnir: 149 Þar af svarað: 139 Ekki svarað: 10 Óundirbúnar fyrirspurnir: 28 Öllum svarað
<i>Flutningsmenn</i>	Skýrslur/beiðni
Ríkisstjórn	Skýrslur: 15 Þar af skýrslur samkvæmt beiðni: 1
Nefnd	Skýrslur: 9



Þingfundir á 128. löggjafarþingi stöðu frá 1. október til 13. desember 2002 og frá 21. janúar til 15. mars 2003.

Nefndirnar luku ekki afgreiðslu á 131 þingmáli, 11 frá ríkisstjórn og 120 frá þingmönnum.

Fastanefndir eða meiri hlutar þeirra fluttu 12 frumvörp í eigin nafni og hlutu þau öll lokaafgreiðslu.

Nánari upplýsingar um nefndarfundi og lengd þeirra, svo og afgreiðslu þingmála, og skiptingu þeirra milli fastanefndanna tólf er að finna í töflu um nefndastörf á 128. þingi.

Dagana 21.–22. nóvember 2002 var utanríkismálanefnd Alþingis í heimsókn í Varsjá í boði utanríkismálanefndar pólska þingsins. Var heimsóknin skipulögð í samstarfi við sendiráð Íslands í Berlín. Markmið heimsóknarinnar var einkum að koma á tvíhliða samskiptum utanríkismálanefnda þinganna en samskipti ríkjanna standa á nokkuð gömlum merg, einkum varðandi viðskipti með fisk, fiskafurðir og skipasmíðar. Vegna aðildarumsóknar Póllands að Evrópusambandinu var m.a. brýnt að ræða ítarlega viðskiptahagsmuni Íslands. Nefndin átti m.a. fundi með utanríkismálanefnd pólska þingsins, varaforseta pólska þingsins, varautanríkisráðherra

Póllands, sem fer með Evrópumál, varalandsbúnaðarráðherra, sem fer með sjávarútvegsmál, formanni pólsk-norræna þingmannahópsins, formanni Evrópunefndarinnar, sem jafnframt er fulltrúi pólska þingsins á Evrópuráðsþinginu, og varautanríkisráðherra Póllands sem jafnframt er aðalsamningamaður um aðild pólska lýðveldisins að Evrópusambandinu.

Dagana 24.–25. mars 2003 var 14. fundur þingmannanefndar Evrópuþingsins og utanríkismálanefndar haldinn á Evrópuþinginu í Brussel. Fjöl mörg mál voru á dagskrá fundarins að vanda og voru helstu málin stækkun Evrópusambandsins og áhrif þess á EES-samninginn, „norðlæga víddin“ í Evrópusambandinu, ráðstefna um framtíð Evrópu, fiskveiðimál og öryggis- og varnarmál í Evrópu og samskipti við Bandaríkin. Næsti fundur verður á Íslandi árið 2004.

Þá hafa fastanefndir farið í nokkrar styttri kynnisferðir í stofnanir og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni þess.

### NEFNDASTÖRF Á 128. ÞINGI

	Fundir	Fundartími (klst.)	Mál til nefnda	Nefndar-álit	Breytingar-tillögur	Umsagnar-beiðnir	Erindi til nefnda	Gestir nefnda	Afgreidd mál	Mál flutt af nefnd
Allsherjarnefnd	24	46	47	21	13	458	244	126	19	2
Efnahags- og viðskiptanefnd	33	62	59	44	18	840	411	209	38	2
Félagsmálanefnd	19	27	24	14	7	489	172	78	12	
Fjárlaganefnd	34	87	3	15	14		589	323	3	
Heilbrigðis- og trygginganefnd	24	38	17	8	3	226	105	148	7	
Iðnaðarnefnd	27	42	23	27	9	444	176	150	15	1
Landbúnaðarnefnd	22	26	15	7	3	465	71	78	7	4
Menntamálanefnd	15	16	13	7	3	209	83	70	5	
Samgöngunefnd	23	40	31	25	14	736	321	126	17	1
Sjávarútvegsnefnd	19	23	13	9	3	127	56	73	9	1
Umhverfisnefnd	32	51	20	8	3	239	166	138	6	1
Utanríkismálanefnd	15	19	25	22	1		2	60	22	
Sérnefnd			1					0		
Alls	287	477	291	207	91	4.233	2.396	1.579	160	12



*Frá þingflokksfundum Framsóknarflokks, Frjálslynda flokksins, Samfylkingarinnar, Sjálfstæðisflokks og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á þingsetningardag 1. október 2002.*

### ***Þingflokksfundir***

Þingflokksfundir eru að jafnaði tvisvar í viku á þingtíma en eftir þörfum í þinghléum. Á 128. þingi hélt þingflokkur Framsóknarflokks 39 fundi, þingflokkur Frjálslynda flokksins u.þ.b. 45 fundi, þingflokkur Samfylkingarinnar 26 fundi, þingflokkur Sjálfstæðisflokks 38 fundi og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs 46 fundi.



## Þingmenn og þingflokkar á 128. þingi

Hinn 16. janúar 2003 afsalaði Vilhjálmur Egilsson sér þingmennsku. Sæti hans tók Adolf H. Berndsen og varð 4. þm. Norðurl. v. Hlutfall kvenna á Alþingi var 36,5%. Á 128. löggjafarþingi tóku 17 varamenn sæti, þar af tveir í fyrsta sinn.

### *Framsóknarflokkur:*

1. Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.
2. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
3. Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.
4. Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.
5. Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.
6. Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.
7. Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.
8. Magnús Stefánsson, 2. þm. Vesturl.
9. Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.
10. Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v.
11. Siv Friðleifsdóttir, 7. þm. Reykn.
12. Valgerður Sverrisdóttir, 2. þm. Norðurl. e.

### *Frjálslyndi flokkurinn:*

1. Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
2. Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

### *Samfylkingin:*

1. Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.
2. Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.
3. Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl.
4. Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.
5. Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.
6. Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.
7. Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.
8. Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.
9. Karl V. Matthíasson, 2. þm. Vestf.
10. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.
11. Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.
12. Margrét Frímansdóttir, 3. þm. Suðurl.
13. Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.
14. Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.
15. Svanfríður Jónasdóttir, 4. þm. Norðurl. e.
16. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.
17. Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

\*1. þm. kjördæmisins frá 16. janúar 2003.

### *Sjálfstæðisflokkur:*

1. Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.
2. Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.
3. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
4. Ásta Möller, 19. þm. Reykv.
5. Björn Bjarnason, 2. þm. Reykv.
6. Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv.
7. Drífa Hjartardóttir, 1. þm. Suðurl.
8. Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.
9. Einar Oddur Kristjánsson, 5. þm. Vestf.
10. Geir H. Haarde, 3. þm. Reykv.
11. Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.
12. Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.
13. Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.
14. Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.
15. Kjartan Ólafsson, 4. þm. Suðurl.
16. Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.
17. Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.
18. Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.
19. Pétur H. Blöndal, 10. þm. Reykv.
20. Sigríður Ingvarsdóttir, 4. þm. Norðurl. v.\*
21. Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.
22. Sólveig Pétursdóttir, 4. þm. Reykv.
23. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.
24. Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.
25. Vilhjálmur Egilsson, 1. þm. Norðurl. v.  
Adolf H. Berndsen frá 16. janúar 2003  
(varð 4. þm. kjördæmisins).
26. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.

### *Vinstri hreyfingin – grænt framboð:*

1. Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e.
2. Jón Bjarnason, 5. þm. Norðurl. v.
3. Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.
4. Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.
5. Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.
6. Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.

## Erlend samskipti



Halldór Blöndal tók á móti norrænum þingforsetum í febrúar 2003 þegar árlegur samráðsfundur þingforsetanna var haldinn í Reykjavík. Talið frá vinstri: Björn von Sydow, forseti sænska þingsins, Jørgen Kosmo, forseti norska þingsins, Riitta Uosukainen, forseti finnska þingsins, Halldór Blöndal og Ivar Hansen, forseti danska þingsins.

### Alþjóðastarf á vegum forseta Alþingis

#### Opinberar heimsóknir forseta Alþingis

Forseti Alþingis, Halldór Blöndal, var í opinberri heimsókn í Finnlandi 30. október – 1. nóvember 2003, dagana á undan var hann ásamt öðrum norrænum þingforsetum gestur á 50. þingi Norðurlandaráðs sem haldið var í Helsinki. Í heimsókninni átti forseti Alþingis fundi með Riittu Uosukainen, forseta finnska þingsins, Törju Halonen, forseta Finnlands, og Erkki Tuomioja utanríkisráðherra. Forseti Alþingis hitti einnig að máli Henrik Lax, formann vináttuhóps Íslands í finnska þinginu.

#### Opinberar heimsóknir til Alþingis

Dagana 28. febrúar – 3. mars var Riitta Uosukainen, forseti finnska þingsins, í opinberri heimsókn á Íslandi í boði Alþingis. Í ferð sinni átti Uosukainen fundi með forseta Alþingis, Halldóri Blöndal, og fulltrúum utanríkismálanefndar Alþingis og Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA.

Þá átti hún viðræður við Davíð Oddsson forsætisráðherra og Siv Friðleifsdóttur, umhverfisráðherra og ráðherra norrænna samstarfsmála.

#### Fundir þingforseta

Dagana 22.–25. nóvember 2002 var efnt til funda forseta vestnorrænu þinganna á Austfjörðum og í Reykjavík. Auk Halldórs Blöndals, forseta Alþingis, sóttu fundina forseti færeyska Lögbingsins, Edmund Joensen, og forseti grænlenka Landsþingsins, Daniel Skifte. Á fundum sínum ræddu forsetarnir möguleika á auknu samstarfi þinganna og samstarf landanna almennt, auk þess sem þeir ferðuðust um Fjarðabyggð og Mjóafjörð til að kynna sér atvinnuhætti og mannlíf á Austfjörðum.

Dagana 26.–28. febrúar var árlegur samráðsfundur norrænna þingforseta haldinn í Reykjavík. Halldór Blöndal, forseti Alþingis, tók á móti starfs-systkinum sínum frá Norðurlöndum, þeim Ivari Hansen, forseta danska þingsins, Riittu Uosukainen, forseta finnska þingsins, Jørgen Kosmo,



Ritta Uosukainen, forseti finnska þingsins, og Halldór Blöndal á skrifstofu forseta Alþingis. Forseti finnska þingsins var í opinberri heimsókn á Íslandi dagana 28. febrúar til 3. mars 2003.

forseta norska þingsins, og Birni von Sydow, forseta sænska þingsins. Á meðal umræðuefna á fundum þingforsetanna var alþjóðlegt samstarf þjóðþinga, afstaða til stækkunar Evrópusambandsins, samstarf þingnefnda norrænu þinganna, öryggismál í þingunum og tjáningarfrelsi og réttarstaða stjórnálmanna.

#### Opinberar heimsóknir í Alþingishúsið

Eftirtaldir tignargestir heimsóttu Alþingishúsið á 128. þingi:

Adrian Nastase, utanríkisráðherra Rúmeníu, kom í heimsókn í Alþingishúsið þriðjudaginn 3. desember 2002.

Anna Lindh, utanríkisráðherra Svíþjóðar, kom í heimsókn í Alþingishúsið fimmtudaginn 20. febrúar 2003.

Leonardo Santos Simão, utanríkisráðherra Mósambík, kom í heimsókn í Alþingishúsið fimmtudaginn 20. mars 2003.

#### Aðrar heimsóknir til Alþingis

Hópur fimm þingmanna frá Kúveit átti fundi með fulltrúum utanríkismálanefndar, fulltrúum þingflokka og fulltrúum Íslandsdeildar Alþjóðaðingmannasambandsins mánudaginn 7. október 2002.

Dagana 4.–8. nóvember 2002 heimsóttu fulltrúar Norður-Atlantshafshópsins á danska þinginu Alþingi. Í Norður-Atlantshafshópnum eiga sæti þrjú þingmenn, tveir frá Grænlandi og einn frá Færeyjum, sem kjörnir eru til setu á danska þinginu. Kom hópurinn hingað til lands til að kynna sér sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og áttu fulltrúar hópsins fundi með Halldóri Blöndal, forseta Alþingis, og utanríkismálanefnd Alþingis. Þá áttu þingmennirnir fundi með embættismönnum samgönguráðuneytis og utanríkisráðuneytis, auk fundar með Sigurði Líndal lagaprófessor. Hélt sendinefndin enn fremur í skoðunarferð til Þingvalla og fór í herstöðina á Keflavík-urflugvelli.

3. mars 2003 heimsóttu 12 fulltrúar efnahagsnefndar norska Stórþingsins Alþingi. Áttu nefndarmenn fund með sjávarútvegsnefnd Alþingis og þáðu kvöldverð í boði Alþingis.

25. mars 2003 heimsóttu fimm fulltrúar varnarmálanefndar tékkneska þingsins Alþingi og áttu fund með fulltrúum utanríkismálanefndar og Íslandsdeildar NATO-þingsins.

### Alþjóðanefndir

Á Alþingi starfa níu alþjóðanefndir (Íslandsdeildir alþjóðlegra þingmannasamtaka) sem sinna þátttöku þingsins í þeim fjölþjóðlegu þingmannasamtökum sem Alþingi á aðild að. Á 128. þingi störfuðu alþjóðanefndir með venjubundnum hætti. Nefndirnar komu saman á fundi á fyrstu vikum nýs þings og kusu sér formann og varaformann.

**Alþjóðaðalþingmannasambandið (IPU)** heldur eitt þing á ári, auk sérstaks ráðsfundar og smærri funda. Á 128. þingi var þing haldið í Santíago (apríl 2003). Að auki sótti formaður Íslandsdeildar fund í Genf um málefni Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og norrænan samráðsfund í Stokkhólmi.

**Evrópuráðsþingið** hefur aðsetur í Strassborg. Íslandsdeildin sótti báða þingfundi Evrópuráðsþingsins sem haldnir voru á 128. þingi, í janúar og apríl. Auk þess sátu þingmenn Íslandsdeildarinnar fjölmarga nefndarfundi.

**NATO-þingið** kemur saman tvisvar á ári. Ársfundur NATO-þingsins árið 2002 var haldinn í nóvember í Ístanbúl og vorfundur NATO-þingsins 2003 var haldinn í Prag í maí.

**Norðurlandaráðsþing** var að þessu sinni haldið í Helsinki í lok október 2002 og sóttu það yfir 800 þátttakendur. Þingmenn Íslandsdeildarinnar tóku jafnframt þátt í starfi nefnda og flokkahópa á vegum Norðurlandaráðs og sátu fjölmarga nefndarfundi ráðsins. Nefna má að sérstakur fundur um hvalveiðar var haldinn að frumkvæði Íslandsdeildar á vegum umhverfis- og náttúruauðlindanefndar Norðurlandaráðs í febrúar.

Í lok október 2002 kom forsætisnefnd **Vestnorræna ráðsins** saman til fundar í Helsinki í tengslum við Norðurlandaráðsþingið og átti einnig samráðsfundi með vestnorrænum samstarfsráðherrum. Í

febrúar 2003 var efnt til forsætisnefndarfundar í Reykjavík, en annar forsætisnefndarfundur var haldinn í apríl í Lundi í tengslum við þemaráðstefnu Norðurlandaráðs.

Alþingi á aukaaðild að **þingi Vestur-Evrópusambandsins (VES-þinginu)**. VES-þingið, sem hefur aðsetur í París, heldur tvo fundi árlega og sótti Íslandsdeildin desemberfund þingsins á 128. þingi.

Íslandsdeild **þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE-þingsins)** sótti vetrarfundi þingsins sem haldnir voru í Vínarborg í febrúar 2003. Þá sótti formaður aukafund stjórnarnefndar sem haldinn var í Madríd í október 2002.

Íslandsdeild **þingmannanefndar EFTA** sótti reglulega fundi á vegum þingmannanefndarinnar á 128. þingi, þ.e. þrjá fundi þingmannanefndar EFTA (þar af einn með ráðherraráði EFTA) og tvo fundi þingmannanefndar EES.

**Þingmannaráðstefna um norðurskautsmál** var ekki haldin á 128. þingi, en formaður Íslandsdeildar eða staðgengill hans sótti tvo fundi þingmannanefndar um norðurskautsmál, sem er stjórnarnefnd ráðstefnunnar, í Ottawa í nóvember 2002 og í Kaupmannahöfn í mars 2003. Auk þess var fulltrúi Íslandsdeildar í sendinefnd þingmannanefndarinnar til Washington þar sem rætt var við bandaríska þingmenn og embættismenn í byrjun febrúar 2003.

Alþingi sendir fulltrúa á **allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna** á hverju hausti. Að venju var fulltrúum Alþingis skipt í tvo hópa, þremur í hvorn hóp, sem sátu allsherjarþingið tvær vikur í senn.

## Útgáfa þingmála og efnis þingfunda

Umræður á Alþingi, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum, skal prenta í Alþingistíðindum skv. 1. mgr. 88. gr. þingskapa.

**ÞINGMÁL** (lausaskjöl, vefútgáfa þingskjala og skjalahefti).

**Lausaskjöl:** Þingskjölum er útbýtt á þingfundi og eru þau síðan sett á vefinn svo fljótt sem auðið er. Þingskjöl urðu samtals 1.448.

**Skjalahefti:** Skjölín á 128. þingi eru gefin út í u.þ.b. 20 skjalaheftum, samtals um 5.800 blaðsíður, en í þeirri útgáfu eru sum skjölín stytta, þ.e. felld brott efni sem hefur birst áður eða er aðgengilegt annars staðar.

**ÞINGRÆÐUR** (hefti og vefútgáfa þingræðna).

**Umræðuhefti:** Ræðuheftin á 128. þingi urðu alls 13, samtals u.þ.b. 4.900 dalkar.



Fundartími á 128. löggjafarþingi var 387 klukkustundir. Þar af stóðu ræður um frumvörp í 205 klukkustundir.


**Vefútgáfa:** Ræðutexti er settur á vef Alþingis, sem er aðgengilegur öllum, að jafnaði einum til tveimur dögum eftir að ræður eru fluttar í þingsal. Á álagstímum, eins og fyrir jólahlé og þingfrestun á vori, getur liðið lengri tími þar til ræðurnar birtast á vefnum.

### LÖG OG ÞINGSÁLYKTANIR

Lög, sem Alþingi hefur samþykkt, er að finna á vef þingsins undir síðasta þingskjalsnúmeri máls. Jafnframt er stjórnartíðindanúmer skráð þegar lögín hafa verið gefin út í Stjórnartíðindum. Lögín urðu samtals 128 á 128. þingi. Þingsályktanir, sem urðu samtals 39, er að finna undir síðasta þingskjalsnúmeri málsins.

### AÐALEFNISYFIRLIT

Aðalefnisyfirlit Alþingistíðinda fyrir 128. þing kemur út 2004.



Á 128. löggjafarþingi voru lögð fram 205 frumvörp og þar af voru 128 samþykkt sem lög.



## Upplýsinga- og tæknimál 2002

Fyrri hluta árs var unnið að undirbúningi endurgerðar á upplýsingakerfum Alþingis um þingmál. Vann VKS að kröfulýsingu fyrir kerfin í samráði við starfsfólk skrifstofu Alþingis. Sú stefna var mörkuð að vinna verkið að verulegu leyti hjá tölvudeild skrifstofunnar, en bjóða út ákveðna þætti þess. Undir árslok voru tveir forritarar ráðnir til verksins og miðað við verklok 1. september 2004.

Unnið var að áframhaldandi uppbyggingu upplýsingakerfa. Tölvuorðabækur Eddu (íslensk, ensk-íslensk, íslensk-ensk, dönsk-íslensk) voru settar upp á öllum tölvum á staðarneti Alþingis. Sítinging heimátölva alþingismanna hófst á árinu og eru þær tengdar við staðarnet Alþingis með ADSL-tækni. Þjónusta vefs Alþingis jókst, meðal annars með þöntunarþjónustu á þingskjölum. Endurnýja þurfti nokkur upplýsingakerfi til að þau gætu veitt þjónustu í hinum nýja Skála Alþingis.

Gestir á vef Alþingis, www.althingi.is, voru að meðaltali 16.000 á mánuði árið 2002. Flestir heimækja vefinn á meðan þing situr eða um 22.000 á mánuði. Gestum fækkar í um 10.000 á mánuði á meðan þingfrestun varir. Flettingar voru 2.489.088 á árinu (207.424 á mánuði) í 614.053 innlitum yfir árið (51.171 á mánuði). Hámarki nær notkun á

vefnum í kringum þingfrestun í desember og að vori.


Alls bárust 427 fyrirspurnir í tölvupósti til ritstjóra vefs Alþingis árið 2002. Langflestar vörðuðu leit að þingmálum og ræðum og öðru efni tengdu þingstörfunum.



Árið 2002 komu 5.343 gestir í Alþingishúsið (4.623 árið 2001). Íslendingar voru samtals 4.254 og erlendir gestir 1.089. Flestir íslensku gestanna eru skólanemendur og fjölgaði þeim nokkuð milli ára en erlendum gestum fækkaði enn líkt og undanfarin ár. Til viðbótar þessum gestum komu 3.700 gestir í Alþingishúsið þegar þar var opið hús í tilefni af opnun Skálans 28. september.

Forseti Alþingis tekur á móti fjölda gesta í Alþingishúsinu en þeir eru ekki taldir með í fyrrgreindum tölum, né eru þar taldir gestir sem koma á þingpalla til að hlýða á þingfundi.

Eftir að skjalaafgreiðsla og upplýsingaþjónusta fluttust í Þórshamar eru mun fleiri rit aðgengileg notendum og lestraradstaða er nú fyrir fjóra gesti. Safnkostur upplýsingaþjónustu er skráður í bókasafnskerfið Gegni og opinn öllum sem hafa aðgang að netinu. Mánaðarlega er öllum á tölvuneti Alþingis sendur listi yfir nýskráð rit og á vef þingsins

er að finna upplýsingar um tímarit sem keypt eru ásamt tengingum í valda vefi þar sem meðal annars er hægt að tengjast upplýsingaveitum sem sérstaklega hefur verið samið um aðgang að fyrir þingmenn og starfsmenn. Fyrirspurnir og beiðnir um heimildaöflun afgreiddar af upplýsingavakt voru alls 2.211 (2.336 árið 2001) og heimildaleitir voru samtals 3.224 (2.782 árið 2001). Erindum hefur fækkað milli ára vegna þess að færri fyrirspurnir berast frá einstaklingum og stofnunum, en fyrirspurnum frá þingmönnum og starfsmönnum hefur fjölgað milli ára og heimildaleitum jafnframt. Þjónusta upplýsinga-






vaktar er mest notuð yfir þingtímann, en flestar fyrirspurnir berast í mars og maí á vorþingi og í október og nóvember að hausti.

Til fróðleiks má skoða þróun fjölda fyrirspurna frá þingmönnum og starfsmönnum sem upplýsingaþjónusta afgreiddi 1999–2002 ásamt fjölda heimildaleita á sama tímabili. Ef borinn er saman fjöldi fyrirspurna og heimildaleita milli ára má sjá að þar er stöðug aukning.

Fyrirspurnir, sem afgreiddar voru hjá skjalaafgreiðslu árið 2002, voru alls 2.551 (2.713 árið 2001). Þar af voru erindi afgreidd símleiðis 2.017 (1.852 árið 2001) en gestir sem komu í afgreiðsluna voru 534 (861 árið 2001). Gestum og fyrirspurnum hjá skjalaafgreiðslu hefur farið fækkandi á síðustu árum eftir að skjöl urðu aðgengileg á vef Alþingis.

## Skrifstofa Alþingis 2002



### Yfirstjórn skrifstofu Alþingis

Samkvæmt þingsköpum (9. gr.) hefur forseti Alþingis æðsta vald í stjórnsýslu þess og heyrir skrifstofan því undir hann. **Skrifstofustjóri Alþingis** er yfirmaður skrifstofunnar, ráðinn af forsætisnefnd, og stjórnar hann skrifstofunni í umboði forseta. Ásamt skrifstofustjóra mynda aðstoðarskrifstofustjóri og rekstrar- og fjármálastjóri **yfirstjórn skrifstofunnar**, framkvæmdastjórn.

**Aðstoðarskrifstofustjóri** hefur yfirumsjón með þeirri starfsemi skrifstofunnar sem lýtur að hinu eiginlega þingstarfi. Í því felst m.a. umsjón með undirbúningi þingmála og þingfunda. Hann er jafnframt staðgengill skrifstofustjóra Alþingis.

**Rekstrar- og fjármálastjóri** hefur umsjón með daglegum rekstri þingsins sem tengist ekki eiginlegum þingstörfum. Í því felst meðal annars yfirumsjón með fjármálum og starfsmannahaldi auk reksturs fasteigna. Rekstrar- og fjármálastjóra til aðstoðar er rekstrarskrifstofa.

### Skipulag skrifstofunnar

Hlutverk **almennrar skrifstofu** er að vera forseta Alþingis, skrifstofustjóra og yfirstjórn skrifstofunnar til aðstoðar. Skrifstofan hefur því á hendi úrlausn

sérhæfðra verkefna og sameiginlegt skrifstofuhald fyrir forseta, skrifstofustjóra og yfirstjórn.

Helstu verkefni **þingfundasviðs** eru undirbúningur þingfunda, upptaka og úrvinnsla umræðna á þingfundum, þar með talin útgáfa ræðuparts Alþingistíðinda, bæði á vefsíðum og á prenti (B-hluti Alþingistíðinda), og efnisyfirlits Alþingistíðinda, skráning og afgreiðsla þingmála, aðstoð við þingmenn á þingfundum, skjalavarsla og sérverkefni. Unnið er í fjarvinnslu fyrir Alþingi á þremur stöðum á landinu, í Reykjavík, á Hvammstanga og á Ólafsfirði. Í mars 2002 setti Alþingi á fót fjarvinnslu á Ólafsfirði í þeim tilgangi að skanna inn eldri árganga af Alþingistíðindum til birtingar á vef þingsins og starfa þrjú starfsmenn við það verkefni.

**Nefndasvið** Alþingis hefur tvö meginhlutverk. Annað er aðstoð við fastanefndir Alþingis. Í því felst undirbúningur að starfi nefnda, fagleg aðstoð við yfirferð mála og gerð nefndarálita og breytingartilagna. Þá aðstoðar nefndasvið þingmenn við þingmálagerð og veitir þeim og yfirstjórn þingsins lögfræðilega ráðgjöf. Hitt meginhlutverk sviðsins er útgáfa þingskjala, bæði á prenti og á vefsíðum, og skjalaparts Alþingistíðinda (A-hluta), svo og uppfærsla og umsjón með útgáfu lagasafns. Einnig er veigamikill þáttur í starfi nefndasviðs að veita aðil-

um utan þings upplýsingar er lúta að nefndastarfi þingsins, fulltrúum félagasamtaka og stofnana sem og einstaklingum.

**Upplýsinga- og tæknisvið** annast upplýsingaþjónustu, almannatengsl og tölvuþjónustu. Upplýsingaþjónusta sinnir skjalaafgreiðslu og upplýsingaþjónustu fyrir þingmenn og starfsfólk og rekur bókasafn Alþingis, almannatengsl annast vefritstjórn, ritstjórn kynningarefnis, móttöku gesta og úrlausn fyrirspurna frá almenningi og tölvudeild rekur tölvunet og tölvu- og hugbúnað Alþingis og annast tillögugerð og framkvæmdir á sviði upplýsingakerfa og tölvumála.

Helstu verkefni **þjónustusviðs** eru þingvarsla, ritarþjónusta, símavarsla, rekstur mötuneytis og ræsting. Í þingvörslu felst ýmis almenn þjónusta, svo sem dreifing fundarboða og þingskjala, sendingar milli húsa, öryggisvarsla í Alþingishúsi og næturvarsla. Ritarar starfa í húsum þar sem þingmenn hafa skrifstofuaðstöðu. Miðstöð símavörslu er á aðalskiptiborði í Alþingishúsi en nokkur milliskiptiborð eru í símkerfinu.

Ný matstofa Alþingis var tekin í notkun í Skála um mánaðamót september og október 2002. Þá var tekið í notkun nýtt og fullbúið eldhús þar sem öll matreiðsla fer nú fram. Er það í fyrsta sinn sem Alþingi hefur haft yfir fullbúnu eldhúsi að ráða þar sem hægt er að matreiða fyrir alla þingmenn og starfsmenn skrifstofunnar. Þeir starfsmenn sem störfuðu við framreiðslu í eldri matstofu í Alþingishúsi sjá um matreiðslu og framreiðslu í nýjum húsa- kynnum í Skála.

Með tilkomu Skálans breyttist vinnuaðstaða þingvarða og næturvarða. Vinnusvæði þingvarða hefur stækkað verulega og öll vinnuaðstaða batnað til muna. Meðal annars var ný vaktstöð með fullkomnum tækjum tekin í notkun í anddyri Skálans.

Hlutverk **alþjóðasviðs** er að sinna þjónustu við alþjóðanefndir þingsins, alþjóðastarfi sem heyrir undir forseta Alþingis og prótókollsmálum (siðareglum). Alþjóðasvið aðstoðar þingmenn við undirbúning fyrir þátttöku í alþjóðlegum fundum, annast samskipti við erlendar stofnanir og erindreka, sinnir gagna- og upplýsingaöflun og undirbýr alþjóðlega þingmannafundi sem haldnir eru á Íslandi.

Þá skipuleggur alþjóðasvið opinberar heimsóknir til Alþingis og á þess vegum til annarra landa, sem og móttöku erlendra tignargesta í Alþingishúsinu.

Um áramót 2002–2003 fluttist skrifstofa þingmannanefndar um norðurskautsmál frá alþjóðasviði finnska þingsins til alþjóðasviðs Alþingis. Nefndin er samstarfsvettvangur þingmanna aðildarríkja Norðurskautsráðsins og starfar sem stjórnarnefnd þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál. Skrifstofan annast undirbúning funda þingmannanefndarinnar sem haldnir eru þrisvar til fjórum sinnum á ári, sem og undirbúning þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál, í samráði við nefndina.

Meginverkefni **rekstrarskrifstofunnar** eru gerð rekstrar- og framkvæmdaáætlunar og umsjón með bókhaldi, ferðaheimildum og ferðauppgjöri auk móttöku og greiðslu reikninga. Rekstrarskrifstofa heldur utan um starfsmannamál og launavinnslu og annast rekstur og viðhald fasteigna ásamt húsbúnaði.

### *Starfsfólk*

Stöðugildi á skrifstofu Alþingis voru 97 í árslok 2002 að meðtöldu starfsfólki í afleysingastörfum. Í árslok 2001 voru stöðugildin einnig 97. Karlar voru í 40 stöðugildum en konur í 57 stöðugildum.

Á árinu voru ráðnir sex starfsmenn en sex létu af störfum, þar af fóru tveir á eftirlaun.

Þá voru þrjú starfsmenn í tveimur stöðugildum við skönnun Alþingistíðinda á Ólafsfirði.

Auk þess unnu að jafnaði tíu einstaklingar í hlutastörfum við ræstingar í húseignum Alþingis. Tveir verktakar unnu við fjarvinnslu ræðna á þingfundasviði. Verktaki á Hvammstanga vann við innslátt á aðalefnisyfirliti Alþingistíðinda. Þá greiddi Alþingi laun starfsfólks í Jónshúsi í Kaupmannahöfn. Enn fremur sá skrifstofa Alþingis um greiðslu launa starfsmanns Vestnorræna ráðsins.

**Starfsmenn Alþingis 1. janúar 2002**

**Yfirstjórn skrifstofu Alþingis:**

Friðrik Ólafsson skrifstofustjóri.  
Helgi Bernóðsson aðstoðarskrifstofustjóri.  
Karl M. Kristjánsson, rekstrar- og fjármálastjóri.

**Almenn skrifstofa:**

Þorsteinn Magnússon forstöðumaður.  
Hafðís Þóroldsdóttir ritari.

**Þingfundasvið:**

Vigdís Jónsdóttir forstöðumaður.  
Sigurður Jónsson aðstoðarforstöðumaður.  
Berglind Karlsdóttir fulltrúi.  
Berglind Steinsdóttir ræðulesari.  
Björgvín Kemp tæknistjóri.  
Erla Elíasdóttir ræðuritari.  
Hlöðver Ellertsson ræðulesari.  
Jón E. Böðvarsson ritstjóri.  
Jón Ólafsson ræðuritari.  
Jóna Guðmundsdóttir ræðuritari.  
Kjartan H. Grétarsson ræðulesari.  
María Gréta Guðjónsdóttir ritstjóri.  
Pétur Einarsson, umsjónarmaður skjalageymslu.  
Sigurlín Hermannsdóttir ritstjóri.  
Svanhildur Edda Þórðardóttir ræðulesari.  
Sverrir Herbertsson, umsjónarmaður skjalageymslu.  
Úlfar Sveinbjörnsson hljóðupptökumaður.

**Nefndasvið:**

Hafðís Ólafsdóttir forstöðumaður.  
Ágúst Geir Ágústsson nefndarritari.  
Álfhildur Álfþórsdóttir skjalalesari.  
Ásdís Káradóttir skjalalesari.  
Bjarndís Gunnarsdóttir matráðskona.  
Einar Farestveit aðstoðarforstöðumaður.  
Friðrik Magnússon, skjalalesari og umsjónarmaður lagasafns.  
Guðmundur Guðbergsson umsjónarmaður.  
Guðrún Þóra Guðmannsdóttir ritstjóri.  
Hanna Sigríður Garðarsdóttir  
aðstoðarmatráðskona.  
Haukur Hannesson skjalalesari.  
Helga E. Þórisdóttir nefndarritari.  
Hildur Njarðvík nefndarritari.

Kristjana Benediktsdóttir skjalavörður.  
Ragnheiður Sumarliðadóttir fulltrúi.  
Sigrún Brynja Einarsdóttir nefndarritari.  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir ritari.  
Sigurður R. Sigurjónsson nefndarritari.  
Svala Valdemarsdóttir ritstjóri.  
Þórdís G. Kristleifsdóttir skjalalesari.

**Upplýsinga- og tæknisvið:**

Kristín Geirsdóttir, starfandi forstöðumaður.  
Bragi Þorgrímur Ólafsson upplýsingafræðingur.  
Garðar Adolfsson kerfisstjóri.  
Guðbjörg Kristín Kjartansdóttir fulltrúi.  
Guðný Ragnarsdóttir, bókasafns- og  
upplýsingafræðingur.  
Guðríður Bryndís Jónsdóttir fulltrúi.  
Hörður Guðni Helgason tölvvari.  
Ingvi Stígsson gagnagrunnsstjóri.  
Kristín Helgadóttir upplýsingafræðingur.  
Solveig K. Jónsdóttir deildarstjóri.  
Sveinn Ásgeir Jónsson kerfisstjóri.  
Viggó K. Gíslason, bókasafns- og  
upplýsingafræðingur.  
Þorbjörg Árnadóttir deildarstjóri.

**Þjónustusvið:**

Ólöf Þórarinsdóttir forstöðumaður.  
Anna Albertsdóttir sendill.  
Bentína Haraldsdóttir umsjónarmaður.  
Bentína Jónsdóttir, ræsting.  
Erna Sampsted, ræsting.  
Geirfinna Guðrún Óladóttir ritari.  
Guðbjörg Erlín Guðmundsdóttir, ræsting.  
Guðfinna Gísladóttir þingvörður.  
Guðlaugur Ágústsson, deildarstjóri þingvörslu.  
Guðríður Sigurðardóttir, ræsting.  
Gunnar Már Jóhannsson næturvörður.  
Halldóra Guðjónsdóttir fatavörður.  
Heinz H. Steimann næturvörður.  
Hlynur Þór Gestsson næturvörður.  
Jensína Stefánsdóttir framreiðslukona.  
Jóhanna Guðfinnsdóttir, ræsting.  
Jón Elías Gunnlaugsson næturvörður.  
Kristján Vignir Hallsson næturvörður.  
Magnúsína Valdimarsdóttir síma- og  
símvörður.

Margrét Ósk Árnadóttir ritari.  
Málmfríður Einarsdóttir þingvörður.  
Ólafía K. Jónsdóttir ritari.  
Ólöf Guðmundsdóttir, ræsting.  
Óskar Bjarki Bjarnason næturvörður.  
Rakel Viggósdóttir ritari.  
Rannveig Haraldsdóttir ritari.  
Rannveig Haraldsdóttir símvörður.  
Regína Óskarsdóttir ritari.  
Sigríður Guðmundsdóttir símvörður.  
Sigríður Helga Völundardóttir þingvörður.  
Sigurlaug Magnúsdóttir símvörður.  
Símon S. Sigurjónsson, eftirlitsmaður hústölvu.  
Stella Vestmann sendill.  
Sveinbjörg S. Björnsdóttir framreiðslukona.  
Sveinborg Steinunn Olsen, ræsting.  
Þorbjörg Sigríður Þorsteinsdóttir framreiðslukona.  
Þorgeir Jónsson, ljósritun.  
Þormóður Sveinsson þingvörður.  
Þórir J. Hall þingvörður.

**Rekstrarskrifstofa:**

Páll Haraldsson forstöðumaður.  
Ágúst Karlsson aðalbókari.  
Fjóla Valdimarsdóttir, gjaldkeri, launaritari.  
Hildur Björnsdóttir ritari.  
Katrín Hermannsdóttir fulltrúi.  
Ólafur G. Thorarensen, umsjónarmaður fasteigna.  
Ragnar Bragason, aðstoðarmaður umsjónarmanns  
fasteigna.

**Alþjóðasvið:**

Belinda Theriault forstöðumaður.  
Andri Lúthersson alþjóðaritari.  
Erla Nanna Jóhannesdóttir fulltrúi.  
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir alþjóðaritari.  
Stígur Stefánsson alþjóðaritari.



Starfsmenn þingfundasviðs á tröppum Vonarstrætis 8 haustið 2002.

## Húseignir Alþingis 2002



*Skálinn, nýja þjónustubyggingin við Alþingishúsið, var tekinn í notkun haustið 2002. Í Skálanum er aðalinngangur í Alþingishúsið og í honum er ýmis þjónusta fyrir þingmenn, starfsmenn Alþingis og gesti.*

Starfsemi á vegum Alþingis fór fram í 11 húseignum í miðborginni árið 2002. Að auki er Jónshús í Kaupmannahöfn í umsjá Alþingis, svo og fræðimannsíbúð sem tengd er Jónshúsi. Þá leigir Alþingi geymsluhúsnæði við Ægisgötu. Í eigu Alþingis er allur reiturinn sem markast af Kirkjustræti, Templarasundi, Vonarstræti og Tjarnargötu, ef frá er talið Vonarstræti 10 sem er í eigu Oddfellow-reglunnar. Þetta svæði er gjarnan kallað „Alþingisreiturinn“.

Alþingishúsið er við Kirkjustræti 14, nýi þjónustuskálinn er við Kirkjustræti 12, en við Kirkjustræti standa þrjú önnur hús Alþingis, þ.e. nr. 6, Skjaldbreið, nr. 8, Blöndahlshús, og nr. 10, Kristjánshús. Blöndahlshús og Kristjánshús voru endurgerð 1996 og tekin í notkun fyrir starfsemi Alþingis. Skjaldbreið er ekki lengur í notkun og er framtíð þess húss óráðin. Þá á Alþingi tvö hús við Vonarstræti, nr. 8 og 12. Í Vonarstræti 8 er nú eingöngu starfsemi þingfundasviðs.

Skrifstofur þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins eru í Vonarstræti 12. Almenn skrifstofustarfsemi fer fram í

öðrum húsum á reitnum þ.e. öðrum en Alþingishúsi og Skálanum. Einnig er Þórshamar við Templarasund 5 í eigu Alþingis. Þar er nú skjalaafgreiðsla þingsins, bókasafn, upplýsingaþjónusta og tölvudeild.

Alþingi leigir skrifstofuhúsnæði við Austurstræti. Í Austurstræti 8–10 leigir þingið 2.–5. hæð. Þar eru fastanefndirnar og skrifstofur þingmanna Sjálfstæðisflokks. Þá eru 2. og 3. hæð í Austurstræti 10A leigðar. Fjárlaganefnd er á 2. hæð og skrifstofur þingmanna Framsóknarflokks eru á 3. hæð. Loks er 5. hæð í Austurstræti 12 leigð fyrir alþjóðasvið skrifstofu Alþingis og 2.–4. hæð í nr. 14 fyrir þingmenn Samfylkingarinnar.

Húsnæði Alþingis hefur þótt óhentugt sökum þess hve dreifð starfsemin er. Fyrirhugað er að reisa framtíðarhúsnæði Alþingis á „Alþingisreitnum“ og selja og losa úr leigu húsnæði utan reitsins. Fastmótadar áætlanir liggja þó ekki enn fyrir um hvenær og hvernig uppbyggingin verður. Framkvæmdum við fyrsta áfanga 1.150 fermetra þjónustuhúss (Skála) vestan Alþingishússins var lokið haustið 2002, auk 1.310 fermetra bílastæðis í kjallara.

## Sérstök verkefni 2002

### Heildarútgáfa verka Snorra Sturlusonar

Í tilefni 150 ára afmælis Þjóðfundarins árið 2001 samþykkti Alþingi að veita styrk til að myndskreyta heildarsafn verka Snorra Sturlusonar í nýrri útgáfu. Ritsafnið kom út 3. október 2002 og var fyrsta eintakið afhent forseta Alþingis, Halldóri Blöndal. Þann dag var jafnframt opnuð sýning í Skálanum á myndskreytingum verksins. Er þetta í fyrsta sinn sem ritsafn Snorra er gefið út í heild á íslensku. Snorri Sturluson er eitt höfuðskálda Íslendinga að fornu og nýju. Verk hans eru kjölfestan í þjóðarvitund norrænna manna og enginn hefur með sama hætti mótað sjálfsmýnd íslensku þjóðarinnar.

Vésteinn Ólason prófessor ritaði ítarlegan innangang. Í ritstjórn áttu sæti Helgi Bernóðsson, að-



*Kýrin Audhumla eftir Valgarð Gunnarsson. Myndskreyting við Nafnapulur.*

### 50 ára afmæli hljóðupptöku á þingræðum

1. október 2002 voru 50 ár liðin frá því að Alþingi hóf að nota hljóðupptökur til að skrásetja ræður þingmanna. Var þessa afmælis minnst með sýningu á munum og skjölum sem stóð frá nóvember 2002 til janúar 2003 í Skálanum.

Íslendingar hafa alltaf verið fljótir að tileinka sér tækninýjungar og 1. október 1952 varð Alþingi fyrst þinga í Evrópu til að treysta eingöngu á hljóð-



*Sonatorrek eftir Jón Axel Björnsson. Myndskreyting við Egilssögu.*

upptökur í stað þingskrifara (hraðritara) við útgáfu ræðuhluta Alþingistíðinda þegar tekin voru í notkun hljóðupptökutæki sem keypt höfðu verið í Bandaríkjunum sama ár.

Á sýningunni mátti meðal annars sjá gömul hljóðupptökutæki og hraðritunargögn. Jafnframt var til sýnis fyrsti ræðustóllinn í þingsal. Hann var tekinn í notkun 1952 en fram að þeim tíma höfðu þingmenn talað úr sætum sínum. Setja þurfti bráðabirgðalög 12. september 1952 svo að þingmenn mættu tala úr ræðustól er þing kæmi saman 1. október það ár. Þarna gafst einnig tækifæri til að hlusta á hljóddæmi úr ræðum allra forsætisráðherra frá 1952. Þá var hægt að heyra brot af fyrstu tilraunaupptökunni frá 25. apríl 1949.

### Þjóðvinafélagið

Alþingi veitir Þjóðvinafélaginu árlega fjárstuðning til útgáfumála og annast bókhald þess. Þjóðvinafélagið var stofnað af Jóni Sigurðssyni 1871 og það heldur eitt félagi í landinu aðalfund sinn í fundarsal Alþingis.



## Stofnanir Alþingis 2002

### *Umboðsmaður Alþingis*

Umboðsmaður Alþingis starfar samkvæmt lögum nr. 85/1997. Hlutverk hans er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins.

Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að eigin frumkvæði. Nánar er kveðið á um hlutverk umboðsmanns í reglum nr. 82/1988, um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, sbr. reglur nr. 106/1994.

Umboðsmaður Alþingis er kjörinn til fjögurra ára í senn. Á haustþingi 1999 var Tryggvi Gunnarsson, þá settur umboðsmaður, kjörinn umboðsmaður Alþingis til fjögurra ára frá 1. janúar 2000 að telja. Fastráðnir starfsmenn umboðsmanns Alþingis voru sjö í árslok 2002.

### *Ríkisendurskoðun*

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar og lögum nr. 86/1997. Meginhlutverk stofnunarinnar er að endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra aðila sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur skal hún annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Þá getur stofnunin m.a. framkvæmt stjórnarsýslu- og umhverfisendurskoðanir.

Forsætisnefnd Alþingis ræður ríkisendurskoðanda til sex ára í senn. Sigurður Þórðarson var ráðinn í embætti ríkisendurskoðanda til næstu sex ára frá og með 1. júlí 1998. Fastráðnir starfsmenn voru í árslok 2002 51 talsins. Enn fremur voru á sama tíma í gildi samningar við 13 löggilta endurskoðendur eða skrifstofur um endurskoðun ríkisfyrirtækja og stofnana.

### *Jónshús í Kaupmannahöfn*

Jónshús í Kaupmannahöfn hefur verið í eigu Alþingis frá árinu 1967 er Carl Sæmundsen stórkaupmaður gaf það í minningu Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur, en þau hjón bjuggu í húsinu frá árinu 1852 allt til dauðadags 1879. Húsið er við Öster-Voldgade 12. Árið 1970 hófst rekstur í húsinu. Þar er nú félagsheimili Íslendinga í Kaupmannahöfn, minningarsafn um Jón Sigurðsson og Ingibjörgu Einarsdóttur og bókasafn. Einnig hafa Stúdentafélagið, Íslendingafélagið, íslenski söfnuðurinn og sendiráðspresturinn aðstöðu í húsinu. Þá er íbúð umsjónarmanns í húsinu, en þar var áður íbúð sendiráðsprests sem gegndi jafnframt stöðu umsjónarmanns.

Árið 1991 var keypt íbúð við Skt. Paulsgade 70 fyrir fræðimann, en fræðimenn höfðu haft íbúð í Jónshúsi til þess tíma. Nú er vinnuherbergi fyrir fræðimann í Jónshúsi.

Stjórn Jónshúss ber ábyrgð á rekstri hússins í umboði forseta Alþingis og forsætisnefndar.



# *Rekstur Alþingis*



## Rekstrargjöld

Fjárheimildir Alþingis á fjárlögum og fjáráukalögum 2002 námu samtals 1.461,2 m.kr.

Útgjöld Alþingis, að frátöldum sértekjum, námu 1.396,1 m.kr. Útgjöld voru því 65,1 m.kr. innan fjárheimilda ársins.

Almenn rekstrarútgjöld námu 1.236,5 m.kr., rekstur og viðhald fasteigna 145,6 m.kr. og stofnkostnaður við tæki og búnað 13,9 m.kr. Framkvæmdir við Skála eru ekki meðtaldar.

Almenn rekstrargjöld skiptast þannig: Bein útgjöld í tengslum við þingstörfín voru 701,7 m.kr. Eru það laun alþingismanna, þingfararkaup og hvers konar bein útgjöld í tengslum við störf þeirra, innan lands og utan, þingfararkostnaður. Enn frem-

ur er talinn kostnaður við störf fastanefnda, alþjóðanefnda og erlend samskipti forsætisnefndar. Til þessa telst einnig prentun Alþingistíðinda og annarra skjala, svo og sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka.

Launa- og starfstengd gjöld á skrifstofu Alþingis voru 359,9 m.kr. Útgjöld við sérstök verkefni, m.a. rekstur Jónshúss í Kaupmannahöfn og fræðimannsíbúðar, styrkur til útgáfu á verkum Snorra Sturlusonar, kostnaður við skönnunarverkefni á Ólafsfirði og styrkur til Þjóðvinafélagsins o.fl., námu 22,4 m.kr. Loks námu sameiginleg útgjöld, þar á meðal rekstur tölvu- og hugbúnaðar og ýmis skrifstofukostnaður, 152,5 m.kr.

## Staðfesting forseta Alþingis og skrifstofu

Forseti Alþingis, skrifstofustjóri Alþingis og rekstrar- og fjármálastjóri staðfesta ársreikning Alþingis fyrir árið 2002 með áritun sinni.


Alþingi, 26. apríl 2003



Halldór Blöndal  
forseti Alþingis



Friðrik Ólafsson  
skrifstofustjóri Alþingis



Karl M. Kristjánsson  
rekstrar- og fjármálastjóri

## Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Alþingis fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar 1–21. Ársreikningurinn er lagður fram af yfirstjórn Alþingis og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a. að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka, að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur, að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni, þar sem við á, og að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Alþingis á árinu 2002, efnahag 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 28. apríl 2003



Sigurður Þórðarson  
ríkisendurskoðandi



Sigurjón I. Haraldsson

## Rekstrarreikningur fyrir árið 2002

	2002	2001
<b>Rekstrartekjur:</b>		
Sölutekjur .....	7.232.700	7.333.098
Aðrar tekjur .....	2.409.224	3.222.472
	<u>9.641.924</u>	<u>10.555.570</u>
Tekjur alls		
 <b>Rekstrargjöld:</b>		
Alþingiskostnaður .....	521.945.730	487.774.008
Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka .....	46.200.000	46.700.000
Fastanefndir .....	100.869.342	96.803.247
Alþjóðasamstarf .....	121.455.487	101.248.539
Almenn skrifstofa, yfirstjórn .....	37.453.255	36.305.848
Rekstrarskrifstofa .....	47.978.180	45.703.582
Þingfundasvið .....	97.245.321	86.520.186
Upplýsinga- og tæknisvið .....	110.947.020	102.612.598
Þjónustusvið .....	140.665.176	137.743.507
Sérverkefni .....	22.383.407	16.826.276
Rekstur fasteigna .....	116.470.768	116.400.822
	<u>1.363.613.686</u>	<u>1.274.638.613</u>
Viðhald fasteigna .....	29.215.736	27.266.243
Stofnkostnaður .....	13.904.901	105.476.193
	<u>1.406.734.323</u>	<u>1.407.381.049</u>
Gjöld alls		
 Tekjuafgangur (halli) án fjármagnsliða .....	(1.397.092.400)	(1.396.825.479)
 Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld) .....	<u>987.100</u>	<u>522.069</u>
 Tekjuhalli án ríkisframlags .....	(1.396.105.300)	(1.396.303.410)
 Ríkisframlag .....	<u>1.461.200.000</u>	<u>1.378.000.000</u>
(Tekjuhalli) afgangur	<u>65.094.700</u>	( 18.303.410)

## Efnahagsreikningur 31. desember 2002

Eignir:	2002	2001
<b>Áhættufé:</b>		
Hlutfé Intís hf. ....	92.000	92.000
<b>Veltufjármunir:</b>		
Ríkissjóður .....	42.483.165	
Gjafabirgðir .....	396.919	386.023
Viðskiptakröfur .....	9.553.784	6.435.011
Handbært fé .....	12.301.051	2.971.796
Veltufjármunir alls	64.734.919	9.792.830
Eignir alls	64.826.919	9.884.830
<b>Skuldir og eigið fé:</b>		
<b>Höfuðstóll:</b>		
Höfuðstóll í ársbyrjun .....	( 31.745.034)	( 13.441.624)
Tekjuafgangur ársins .....	65.094.700	( 18.303.410)
Höfuðstóll alls	33.349.666	( 31.745.034)
<b>Annað eigið fé:</b>		
Endurmatsreikningur .....	59.938	( 307.611)
Framlag til eignamyndunar .....	92.000	92.000
Annað eigið fé samtals	151.938	( 215.611)
Eigið fé í árslok	33.501.604	( 31.960.645)
<b>Langtímaskuldir:</b>		
Realkredit Danmark .....	4.530.098	5.245.957
<b>Skammtímaskuldir:</b>		
Ríkissjóður .....		333.973
Viðskiptaskuldir .....	26.795.217	36.265.545
	26.795.217	36.599.518
Skuldir og eigið fé alls	64.826.919	9.884.830

## Skýringar með ársreikningi 2002 (útdráttur)

### Reikningsskilaaðferð

Ársreikningur Alþingis er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 144/1994, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni, heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanir eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

### Fjárheimildir og rekstur

Framlög á fjárlögum til Alþingis námu 1.433 millj. kr. Viðbótarfjárheimild á fjárukalögum nam samtals 15 millj. kr. sem ráðstafað var til viðhalds Alþingishúss. Launabætur námu 6,1 millj. kr. og 7 millj. kr. komu af fjárlagalið 00-996 sem endurgreiðsla á framlagi Alþingis til upplýsingasamfélagsins. Fjárheimildir ársins námu þannig samtals 1.461,2 millj. kr., en útgjöld Alþingis umfram sértekjur námu 1.396,1 millj. kr. Útgjöld voru því 65,1 millj. kr. innan fjárheimilda ársins. Það skýrist meðal annars af því að útgjöldum til stofnkostnaðar var frestað að hluta til að greiða uppsafnaðan halla.

Fjárheimildir ársins 2002 skiptast eins og að neðan greinir eftir viðföngum (fjárhæðir í þús. kr.):

	Reikningur 2002	Fjárheimild 2002	Mismunur
Alþingiskostnaður .....	521.946	541.200	( 19.254)
Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka .....	46.200	46.200	0
Fastanefndir .....	100.869	75.100	25.769
Alþjóðasamstarf .....	121.455	116.100	5.355
Almennur rekstur .....	434.289	474.000	( 39.711)
Sérverkefni .....	22.383	28.500	( 6.117)
Rekstur fasteigna .....	116.471	112.600	3.871
Viðhald fasteigna .....	29.216	24.000	5.216
Stofnkostnaður, tæki .....	13.905	52.000	( 38.095)
Fjármagnskostnaður .....	737		737
Gjöld, fjárheimildir samtals	1.407.472	1.469.700	( 62.228)
Sértekjur .....	( 11.366)	( 8.500)	( 2.866)
Mismunur	1.396.105	1.461.200	( 65.095)



*Tegundir gjalda*

Gjöld ársins 2002 umfram tekjur námu 1.395.263 þús. kr. og skiptast þannig:

	2002	2001
Launakostnaður skrifstofu Alþingis .....	359.929.613	329.068.843
Þingfarakaup og þingfararkostnaður aðal- og varamanna .....	436.508.241	410.048.378
Önnur gjöld .....	551.906.628	616.315.454
Tilfærslur .....	<u>59.127.248</u>	<u>52.371.757</u>
Gjöld samtals	1.407.471.730	1.407.804.432
Sértekjur .....	( <u>11.366.430</u> )	( <u>11.501.022</u> )
Gjöld umfram tekjur	<u>1.396.105.300</u>	<u>1.396.303.410</u>

Fjárhæðir eru á verðlagi hvors árs. Launakostnaður á skrifstofu Alþingis hækkaði milli áráanna 2001 og 2002 um 9,4%, þingfararkostnaður alþingismanna og varamanna og biðlaun hækkuðu um 6,4% og önnur gjöld lækkuðu um 8,6%. Sértekjur lækkuðu um 1,2%. Rekstrargjöld stofnunarinnar að frádregnum sértekjum lækkuðu um 0,2 millj. kr. á milli ára eða um 0,01%

*Launagjöld og tegundaskipting*

Launagjöld Alþingis skiptast í meginráttum í þingfarakaup og starfskostnað alþingismanna og varamanna, biðlaun og laun starfsmanna Alþingis.

	2002	2001
<b>Alþingismenn:</b>		
Þingfarakaup og starfskostnaður .....	377.340.507	357.056.649
Launatengd gjöld .....	55.548.097	52.178.346
<b>Skrifstofa Alþingis:</b>		
Dagvinna .....	194.667.637	171.794.083
Vaktaálagsgreiðslur .....	3.964.127	5.327.367
Aukagreiðslur .....	66.932.994	68.482.611
Yfirvinna .....	28.086.637	23.299.832
Launatengd gjöld .....	<u>69.897.855</u>	<u>60.978.333</u>
Samtals	<u>796.437.854</u>	<u>739.117.221</u>

*Skuldbindingar utan efnahags*

**Lífeyrisskuldbindingar**

Lífeyrisskuldbindingar fyrir starfsmenn Alþingis eru áhvílandi. Í samræmi við reikningskilareglu A-hluta ríkissjóðs eru þær ekki færðar í ársreikningum einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur eru þær færðar í einu lagi hjá ríkissjóði. Lífeyrisskuldbinding fyrir starfsmenn Alþingis hefur ekki verið reiknuð sérstaklega.

*Sundurlíðanir*

**Alþingiskostnaður**

Þingfararkostnaður, fastar greiðslur, er starfskostnaður, ferðakostnaður í kjördæmi og húsnæðis- og dvalarkostnaður. Þingfararkostnaður, aðrar greiðslur, er ýmis kostnaður samkvæmt reikningum frá alþingismönnum, eða símakostnaður, ferðakostnaður innan lands, dagblaðakaup, tryggingar o.fl. Á árinu 2002 hækkaði þingfararkaup um 6% samkvæmt úrskurði Kjaradóms. Um hækkun á föstum þingfararkostnaði fer eftir ákvörðun forsætisnefndar Alþingis. Hækkun annars þingfararkostnaðar stafar af auknum ferðakostnaði þingmanna innan lands.

	<b>2002</b>	<b>2001</b>
Þingfararkaup .....	337.896.207	318.365.475
Þingfararkostnaður, fastar greiðslur .....	98.612.034	91.682.903
Þingfararkostnaður, aðrar greiðslur .....	85.437.489	77.725.630
Samtals	<u>521.945.730</u>	<u>487.774.008</u>

**Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka**

Sérfræðiaðstoð er greiðsla Alþingis til þingflokka samkvæmt fjárlögum.

	<b>2002</b>	<b>2001</b>
Þingflokkur Framsóknarflokks .....	8.832.352	8.927.940
Þingflokkur Sjálfstæðisflokks .....	18.344.116	18.542.648
Þingflokkur Samfylkingarinnar .....	12.229.412	12.361.764
Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs .....	4.755.884	4.807.352
Þingflokkur Frjálslynda flokksins .....	2.038.236	2.060.296
Samtals	<u>46.200.000</u>	<u>46.700.000</u>

**Alþjóðasamstarf**

Kostnaður við alþjóðasamstarf Alþingis felst annars vegar í rekstri skrifstofu alþjóðasviðs og hins vegar í kostnaði við starfsemi alþjóðanefnda, auk alþjóðasamstarfs á vegum forseta og forsætisnefndar.

Útgjöld við alþjóðanefndir þingsins eru fyrst og fremst ferðakostnaður, kostnaður við ráðstefnuhald og þátttökugjöld. Árið 2002 var útbúið nýtt viðfang til að halda utan um fundi og ráðstefnur á Íslandi. Tímabundin verkefni er styrkur til Vestnorræna ráðsins til að kosta sýningu um vestnorræna veiðimenningu.

	2002	2001
Skrifstofa alþjóðasviðs .....	26.154.948	22.475.680
Íslandsdeild Norðurlandaráðs .....	14.274.686	17.900.173
Þingmannasamtök NATO .....	6.339.950	6.160.611
Þingmannanefndir Evrópuráðsins .....	8.058.902	7.837.333
Þingmannafundir EFTA .....	6.319.183	6.734.178
Alþjóðaðingmannasambandið .....	5.219.512	6.672.786
Vestnorræna ráðið .....	8.412.098	8.728.367
Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna .....	3.254.884	4.127.832
RÖSE-þingið .....	2.600.521	1.971.529
Vestur-Evrópusambandið .....	1.796.409	2.276.929
Ráðstefnur og fundir á Íslandi .....	7.943.241	0
Tímabundin verkefni .....	4.630.500	0
Erlent samstarf á vegum forsætisnefndar .....	23.828.684	13.979.988
Annað erlent samstarf .....	2.621.969	2.383.134
Samtals	<u>121.455.487</u>	<u>101.248.540</u>

**Alþjóðasamstarf á vegum forsætisnefndar**

Útgjöld, sem falla undir alþjóðasamstarf á vegum forseta og forsætisnefndar, eru þríþætt. Í fyrsta lagi eru heimsóknir forseta Alþingis til erlendra þinga og aðrar opinberar heimsóknir sendinefnda frá Alþingi. Í öðru lagi eru móttökur erlendra gesta í boði Alþingis. Í þriðja lagi eru fundir og ráðstefnur erlendis sem fé er veitt til með sérstakri heimild forsætisnefndar. Heimsóknir erlendis og móttaka erlendra gesta tengist samstarfi forseta Alþingis og forsætisnefndar við forseta og forsætisnefndir annarra þjóðþinga. Ýmsir fundir og ráðstefnur erlendis fela í sér þátttöku einstakra þingmanna í þeim utan við reglulegt starf þingmannanefnda. Á árinu 2002 var mikið um móttökur í heimsóknum þingforseta og þingmanna erlendra þjóðþinga til að endurgjalda heimsóknir forseta Alþingis.

	2002	2001
Móttaka erlendra gesta .....	12.744.868	3.894.608
Ýmsir fundir og ráðstefnur erlendis .....	4.724.501	4.231.520
Heimsóknir erlendis .....	6.359.315	5.853.860
Samtals	<u>23.828.684</u>	<u>13.979.988</u>

